# FRÉTTABLAÐIÐ

155. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 3. JÚLÍ 2018




Mikill fögnuður braust út þegar björgunarmenn fundu hóp ungra drengja sem festust í helli í norðurhluta Taílands eftir níu daga leit. Þessi móðir fékk loks að sjá son sinn eftir erfiða bið og heldur á mynd sem tekin var í hellinum. Biðin heldur þó áfram. Nú tekur við flókin björgunaraðgerð þar sem drengirnir þurfa að kafa út úr hellinum. Sjá síðu 8 NORDICPHOTOS/AFP

# Ljósmæður vantar á allar vaktir á LSH

**Fjölmargir áhyggjufullir verðandi foreldrar hafa haft samband við Landspítala til að fá upplýsingar um stöðu mála á fæðingardeild. Framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs kvíðir því þegar deildin fyllist af verðandi mæðrum. Velferðarnefnd fundar um málið í dag.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við reynum að taka því sem að höndum ber. Þetta er í rauninni krísustjórnun,“ segir Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs Landspítala, um þá stöðu sem upp er komin vegna uppsagna tólf ljósmæðra sem tóku gildi síðastliðinn sunnudag.

Sérstök aðgerðaáætlun hefur verið sett upp á spítalanum og segir Linda að þegar hafi reynt á hana. Staðan hafi verið þokkaleg á sunnudag og mánudag en ástandið sé metið frá vakt til vaktar. Einhverjar konur hafi verið útskrifaðar fyrr í heimaþjónustu og aðrar sendar annað. Linda segir samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir hafa gengið ágætlega. Þannig hafi valkeisaraskurðum verið beint annað.

„Það er heilmikið af áhyggjufullum verðandi foreldrum sem hafa samband. Okkur finnst það mjög erfitt en við reynum að útskýra stöðuna og aðgerðaáætlunina fyrir fólki.

Fyrstu tveir dagarnir hafa verið þokkalega rólegir en við óttumst það þegar við fáum holskeflu, hvað gerum við þá? Það mun fyrst verulega reyna á þegar deildin fyllist. Það er tilviljun að það hafi verið rólegt fram að þessu.“ Linda segir að mönnunin nú sé 60 prósent miðað við lágmarksmönnun. „Það vantar ljósmæður á allar vaktir. Þetta er mjög erfitt.“

> **Við óttumst það þegar við fáum holskeflu. Hvað gerum við þá?**
>
> Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs LSH

Auk þeirra tólf ljósmæðra sem hættu um mánaðamótin hafa átján til viðbótar sagt upp. Linda segir að tæplega 150 ljósmæður starfi á sviðinu í tæplega 100 stöðugildum. Hér sé því um að ræða verulega stórt hlutfall vinnuaflsins.

Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata og formaður velferðarnefndar Alþingis, vill að heilbrigðisráðherra og fulltrúar Landspítala komi á fund nefndarinnar til að ræða stöðuna.

„Þetta er mjög alvarleg staða. Okkur finnst mjög mikilvægt að fá upplýsingar frá þessum aðilum til að gera okkur betur grein fyrir stöðunni. Ábyrgðin á að finna lausn á þessu máli er mest hjá fjármálaráðherra og forsætisráðherra. Þetta eru ekki launahækkanir sem ljósmæður eru að biðja um heldur launaleiðrétting.“

Í gærkvöldi var ákveðið að boða til fundar í velferðarnefnd klukkan 14.30 í dag. Ríkissáttasemjari hefur boðað til næsta samningafundar á fimmtudag. **– sar**

## Telja hækkun Lilju hóflega

**KJARAMÁL** Bankaráð Landsbankans telur sig hafa gætt hófsemi þegar það ákvað að laun bankastjórans skyldu hækka um tæpar 1,2 milljónir.

Ákvörðunin hafi verið byggð á starfskjarastefnu bankans þar sem kveðið er á um að laun helstu stjórnenda skuli vera samkeppnishæf við kjör annarra stjórnenda stórra fjármálafyrirtækja, nokkuð sem ekki hafi verið raunin með bankastjóra Landsbankans um langt árabil.

„Í kjölfar lagabreytingarinnar hefur bankaráð tekið starfskjör bankastjóra til endurskoðunar og lagt til grundvallar að gætt sé hófsemi varðandi launakjör, en að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem bankinn starfar á, en séu ekki leiðandi,“ segir í svari bankans við fyrirspurn blaðsins. **– smj /** **sjá síðu 6**

## Jóhannes leikur vonda kallinn

**LÍFIÐ** Jóhannes Haukur Jóhannesson kemur til með að leika í risamynd Sony um ofurhetjuna Bloodshoot.

„Þetta verður risastór Hollywoodmynd og verður svokallað R-rated eins og Logan og Deadpool. Þá verður ofbeldið grófara og talsmátinn frjálslegri,“ segir Jóhannes.

Samkvæmt fréttum mun Jóhannes fara með hlutverk Nicks Barris í myndinni en hann er sagður vera annað illmenni myndarinnar.



„Ég fer í lok júlí í þessar upptökur og verð að öllum líkindum í mánuð,“ segir Jóhannes. **– bb /** **sjá síðu 24**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Kristján Þór Júlíusson skrifar um nýja greiðsluþátttökukerfið fyrir heilbrigðisþjónustuna. 10



**SPORT** Íslenska karlalandsliðið í körfubolta lenti í neðsta sæti F-riðilsins og komst því ekki á næsta stig undankeppni HM 2019. 14

**TÍMAMÓT** Söngkonan Ellen Freydís Martin heldur fyrstu tónleika sína á Íslandi síðan hún flutti til Austurríkis fyrir 25 árum. 16

**LÍFIÐ** 70 klukkustundir af sumri á sunnanverðu landinu. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


netto

SJÓÐHEIT SUMARTILBOÐ!



## Veður




Skýjað með köflum og yfirleitt þurrt en stöku skúrir um vestanvert landið í dag. Fremur hæg austlæg átt og fer að rigna seint í kvöld, fyrst syðst á landinu. Hiti víða 9 til 17 stig. SJÁ SÍÐU 18



Atvikið átti sér aðfaranótt laugardags.

# Maður lést eftir fall af húsþaki

**ANDLÁT** Erlendur ferðamaður féll af húsþaki við Lækjargötu í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt laugardags. Hann lést af sárum sínum á slysadeild.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fer með rannsókn málsins og segir Jóhann Karl Þórisson aðstoðaryfirlögregluþjónn í samtali við Fréttablaðið að rannsókn hafi lítið miðað áfram. – la

# Virkisgarður tekur á sig mynd



Miklir öryggisveggir hafa verið reistir umhverfis nýtt sendiráð Bandaríkjanna við Engjateig. Byggingin kostar sex og hálfan milljarð króna, eða um 62 milljónir dala. Greinilega er ekkert til sparað þegar öryggismál eru annars vegar. Allt gler í sendiráðinu verður skothelt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nýjar ákærur gegn Weinstein

**BANDARÍKIN** Ríkissaksóknari á Manhattan hefur gefið út þrjár nýjar ákærur á hendur Harvey Weinstein. Hann var handtekinn í maí síðastliðnum eftir að tvær konur sögðu hann hafa nauðgað sér. Þessar nýju ákærur taka til grófrar kynferðislegrar áreitni og nauðgunar. „Ákærurétturá Manhattan hefur nú ákært Harvey Weinstein fyrir einhverja alvarlegustu kynferðisglæpi sem um getur í refsilöggjöf New York-ríkis,“ sagði saksóknarinn Cyrus Vance Jr. „Þessar ákærur eiga fyrst og fremst rætur að rekja til hugrekkis fórnarlambanna sem hafa stigið fram og greint frá.“ – khn



# Lést á flótta undan lögreglu

**TAÍLAND** Íslenskur karlmaður á sextugsaldri lést í borginni Udon Thani á Taílandi á fimmtudag þegar hann freistaði þess að komast undan lögreglu. Bifreið hans skall á flutningabíl og var maðurinn úrskurðaður látinn á spítala skömmu síðar.

Breski miðill Daily Mail fjallar um málið. Þar segir að maðurinn hafi heitið David Sewell. Heimildir Fréttablaðsins herma að Sewell hafi í raun verið Íslendingur að nafni Davíð Jónsson og hann hafi haft tvöfalt ríkisfang.

Samkvæmt Daily Mail fannst mikið magn fíkniefna í bifreið Davíðs.

Sveinn H. Guðmarsson, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að utanríkisþjónustunni hafi borist tilkynning um dauðsfall Íslendings í Taílandi. – jt




# Segja rafrettu-æði unglinga áhyggjuefni

**Notkun ungmenna á rafrettum hefur aukist umtalsvert. Stærstur hluti grunnskólanema sem nota rafrettur notaði ekki tóbak áður. Deildarstjóri hjá frístundamiðstöð og verkefnastjóri hjá Landlækni hafa áhyggjur af þróuninni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er tilfinning okkar í félagsmiðstöðvum borgarinnar að notkun unglinga á rafrettum hafi aukist mikið undanfarið skólaár og nú í sumar. Sumir unglinganna tala nú um að toppnum sé náð en það fer kannski eftir vinahópum,“ segir Andrea Marel, deildarstjóri unglingastarfs hjá frístundamiðstöðinni Tjörninni.

Samkvæmt rannsókn um lýðheilsu ungs fólks sem unnin var af rannsóknarmiðstöðinni Rannsóknum og greiningu höfðu rúm 45 prósent 10. bekkinga á landinu einhvern tímann prófað rafrettur. Ellefu prósent 10. bekkinga notuðu rafrettur daglega.

Andrea segir að þótt notkun rafretta sé bönnuð í félagsmiðstöðvum verði starfsmenn mikið varir við þær. „Þetta þykir spennandi og þetta er mikið rætt meðal unglinganna. Okkur finnst þessi þróun töluvert áhyggjuefni. Þetta eru oft einstaklingar sem hafa aldrei reykt sígarettur, þannig að rafretturnar eru ekki að virka sem forvörn eða lyf til að hætta reykingum hjá þessum hópi.“

Aðspurð segir Andrea að starfsmenn félagsmiðstöðva sjái notkun á rafrettum alveg niður í 7. bekk en notkunin sé mest í 8. til 10. bekk.

Viðar Jensson, verkefnastjóri tóbaksvarna hjá Embætti landlæknis, tekur undir með Andreu að það sé áhyggjuefni hversu margt ungt fólk sem ekki hafi reykt noti rafrettur. „Ég held að það þurfi að taka þessa umræðu um rafrettur í tvennu lagi. Annars vegar sem tæki til að hjálpa fólki að hætta að reykja en hins vegar þarf að fylgjast vel með þessari miklu aukningu á notkun ungs fólks á rafrettum,“ segir Viðar.



Notkun á rafrettum hefur aukist mikið að undanförnu. NORDICPHOTOS/GETTY

**8%**

**landsmanna á aldrinum 18 til 24 ára nota rafrettur daglega.**

Fjallað var um Tóbakskönnun 2018 í nýjasta tölublaði Talnabrunns, fréttabréfs Landlæknis. Þar kemur fram að um 5 prósent landsmanna 18 ára og eldri nota rafrettur daglega. Notkunin er mest í yngsta aldurshópnum en 8 prósent 18 til 24 ára nota rafrettur daglega og 9 prósent í aldurshópnum 25 til 34 ára. Í könnuninni 2015 mældist engin dagleg notkun í umræddum aldurshópum. Samhliða aukinni notkun rafretta hjá yngstu aldurshópunum hefur dregið úr daglegum reykingum.

Álfgeir Logi Kristjánsson, sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu, segir það vægast sagt sérstakt að á Íslandi hafi stór hluti þeirra krakka sem noti rafrettur aldrei notað tóbak. Rannsóknir erlendis dragi fram ólíka mynd. Þar sé afar fágætt að krakkar sem noti rafrettur hafi ekki reykt áður.

„Tóbaksreykingar meðal nemenda efstu bekkja grunnskóla hafa nánast staðið í stað frá 2012 og minnkað mikið síðastliðin 20 ár. Tíðni rafrettunotkunar hefur hins vegar stóraukist frá 2015. Þessi hugmynd, að rafrettur komi í stað reykinga, gengur ekki upp í þessum hópi. Hvort þetta muni leiða til aukinna reykinga síðar er samt útilokað að segja til um á þessu stigi,“ segir Álfgeir. sighvatur@frettabladid.is



HLAUPTU
ÞAÐ BORGAR SIG
hlaupastyrkur.is
rmi.is
#rvkmarathon
180818
REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA
Taktu þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka
18. ágúst og styrktu gott málefni á hlaupastyrkur.is

# Guðbjörg Matthíasdóttir greiddi sér 3,2 milljarða í arð úr félagi sínu

**SJÁVARÚTVEGUR** ÍV fjárfestingafélag ehf., eigandi Ísfélags Vestmannaeyja eins stærsta útgerðarfélags landsins, greiddi út rúma 3,2 milljarða króna í arð til eiganda síns í fyrra. Fjárfestingafélagið er í eigu Fram ehf. sem aftur er að langstærstum hluta í eigu athafnakonunnar Guðbjargar M. Matthíasdóttur.

Þetta kemur fram í nýjum ársreikningi ÍV fjárfestingafélags fyrir árið 2017. Félagið skilaði ríflega 630 milljóna króna hagnaði og eigið fé þess nam í árslok 2017 ríflega 13,6 milljörðum króna. Helsta og svo til eina eign þess er ríflega 80 prósenta hlutur í útgerðarfélaginu Ísfélagi Vestmannaeyja.

Í síðasta mánuði var greint frá því að Ísfélag Vestmannaeyja hefði skilað 4,2 milljóna dala hagnaði, jafnvirði 440 milljóna króna, á síðasta ári. Það reyndist nokkur



Guðbjörg M. Matthíasdóttir.

samdráttur frá fyrra ári þegar hagnaðurinn nam 16,7 milljónum en neikvæður gengismunur upp á nærri 9 milljónir dala litaði afkomuna. Útgerðarfélagið greiddi þó alls 15 milljónir dala, um 1,6 milljarða króna, í arð til hluthafa í fyrra.

Fyrirtæki í sjávarútvegi hafa í umræðunni um frumvarp um lækkun veiðigjalds, sem fyrr, kvartað undan skaðsemi gjaldanna á reksturinn samhliða lakari afkomu, miklum kostnaðarhækkunum og sterkara gengi. Ekki tókst að afgreiða frumvarpið sem vakti hörð viðbrögð þegar það kom fram.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Viðreisnar og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, segir erfitt að búa til meginreglu út frá einu fyrirtæki, sem virðist ekki á vonarvöl þrátt fyrir veiðigjöldin.

„Ég held að stóra myndin sé sú að það þarf að halda áfram að reka öflugan sjávarútveg, en það er öllum ljóst að það þarf að borga sanngjarnt auðlindagjald, þannig að þjóðin fái réttmætan arð í sinn hlut,“ segir Þorgerður Katrín. **– smj**



**Ferðamenn við gjaldskylt bílastæði á Þingvöllum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Bílastæðagjöld hækka mikið

**SAMGÖNGUR** Um mánaðamótin hækkuðu bílastæðagjöld á Þingvöllum um allt að helming. Hið sama gildir um gjald fyrir köfun í Silfru.

Ökumenn einkabifreiða þurfa nú að greiða 750 krónur fyrir að leggja í gjaldskylt bílastæði en upphæðin var 500 krónur áður. Gjaldið fyrir jeppa og hópferðabíla ætlaða færri en átta farþegum hækkar um 250 krónur og er nú 1.000 krónur. Hópferðabílar fyrir 20 farþega eða fleiri þurfa að greiða 3.500 krónur í stað 3.000 áður.

Sé gjaldið greitt er heimilt að láta bifreiðina standa í stæðinu í sólarhring. Sé farið yfir þau mörk er heimilt að fjarlægja bifreiðina á kostnað eiganda. Fyrir hverja einstaka köfun í Silfru skulu nú greiðast 1.500 krónur í stað 1.000 króna áður.

Þá kostar nú 1.300 krónur á mann að tjalda í þjóðgarðinum auk þess sem 300 krónur bætast við ef gist er í fellihýsi, hjólhýsi eða tjaldvagni. **– jóe**

## MS stofnar félag utan um útrás

**VIÐSKIPTI** Öll erlend starfsemi Mjólkursamsölunnar hefur verið flutt yfir í nýstofnað dótturfélag MS en frá og með 1. júlí heyrir allur útflutningur fyrirtækisins undir Ísey útflutning ehf.

Ísey skyr er nú fáanlegt í fimmtán löndum og segir MS umsvifin alltaf að aukast enda mikill áhugi á íslenska skyrinu um allan heim. **– smj**

# Brugðist við tómi sem varð til með brottfalli uppreistar æru

**Krafa um óflekkað mannorð verður felld úr ýmsum lögum og þess í stað miðað við að menn megi ekki hafa gerst brotlegir við lög. Óflekkað mannorð verður enn skilyrði kjörgengis til Alþingis en miðað verður við að dómþoli verði kjörgengur eftir að afplánun lýkur. Breytingin nauðsynleg vegna afnáms uppreistar æru.**

**STJÓRNSÝSLA** Fallið verður frá því að kveðið verði almennt á um missi borgaralegra réttinda og þess í stað verður mælt fyrir um það í hvaða tilvikum sakaferill geti leitt til missis kjörgengis, embættisgengis eða tiltekinna starfsréttinda. Þetta felst í drögum að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls ákvæða um uppreist æru. Stefnt er að lögin verði samþykkt á árinu og taki gildi um áramót.

Í frumvarpsdrögunum, sem kynnt voru í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar í gær, er meðal annars mælt fyrir um að enginn teljist hafa óflekkað mannorð hafi hann hlotið óskilorðsbundinn fangelsisdóm sem ekki er búið að afplána að fullu. Í núverandi lögum segir að mannorð teljist flekkað hafi maður verið dæmdur fyrir brot sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Þetta er eini staðurinn í drögunum þar sem hugtakið „óflekkað mannorð“ heldur sér en það er gert þar sem kveðið er á um í stjórnarskrá að þingmenn skuli hafa óflekkað mannorð.

Samkvæmt drögunum mega dómarar landsins aldrei hafa hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað eftir að átján ára aldri er náð. Hið sama gildir um sérfróða meðdómendur, skiptastjóra, lögreglumenn og stjórnarmenn ýmissa ríkisstofnana.

Þá verður það gert að skilyrði fyrir veitingu lögmannsréttinda að umsækjandi hafi aldrei hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað. Víkja má frá því skilyrði þegar fimm ár eru liðin frá því að afplánun lauk að fenginni umsögn frá Lögmannafélagi Íslands.



**Mál sem tengdust uppreist æru urðu tilefni stjórnarslita og snemmbúins þingrofs síðasta haust.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**» Lögmaður getur endurheimt málflutningsréttindi þegar fimm ár eru liðin frá lokum afplánunar og að fenginni umsögn Lögmannafélagsins.**

Við matið skal líta til eðlis brotsins, hagsmuna sem brotið var gegn, ásetningi, hvort brotið hafi verið framið í atvinnurekstri og tjónið sem af hlaust. Þá er einnig skylt að líta til háttsemi umsækjanda frá því að afplánun lauk. Ekki verður heimilt að beita undanþágunni ef eðli brotsins og háttsemi umsækjanda er til þess fallið að rýra það traust sem lögmenn þurfa að njóta.

Tilefni lagasetningarinnar er brottfall ákvæða um uppreist æru úr almennum hegningarlögum sem samþykkt var síðasta haust. Eftir brottfallið hefur ríkt hálfgert lagalegt tómarúm fyrir dómþola sem dæmdir hafa verið til missis borgaralegra réttinda.

„Með brottfalli [uppreistar æru] eru stjórnarskrárvarin réttindi skert. Slíkt brottfall getur einnig haft áhrif á stjórnarskrárvarið atvinnufrelsi. Ef ákvæðið er fellt brott en endurskoðun á öðrum lögum fer ekki fram benda dómar Mannréttindadómstóls Evrópu til þess að slíkt ástand sé ólögmæt skerðing mannréttinda,“ sagði meðal annars í umsögn allsherjar- og menntamálanefndar þegar ákvæði um uppreist æru var fellt úr hegningarlögum síðasta haust.

**joli@frettabladid.is**






HYBRID Orkuskiptin eru hafin!

**Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 11 milljónum ökumanna um heim allan.**
Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband! Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA | FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Útgöngutillögum Breta lýst sem óraunhæfum og líkt við köku

**EVRÓPA** Háttsettir ráðamenn innan Evrópusambandsins (ESB) segja tillögur Breta í samningaviðræðum um skilmála útgöngu þeirra úr sambandinu vera óraunhæfar. Tillögunum hefur nú þegar verið hafnað með þeim skilaboðum að Bretar muni ekki geta breytt grunnstoðum sambandsins.

„Við lásum hvítbókina og það sem við lásum var „kaka“,“ segir heimildarmaður The Guardian sem starfar hjá ESB. Vísar hann þar til orða Boris Johnson, utanríkisráðherra Breta, um að Bretland gæti „átt kökuna og étið hana líka“ með því að ganga út úr ESB. Frá því að Bretar samþykktu útgöngu í þjóðaratkvæðagreiðslu hefur orðið „kaka“ verið notað í höfuðstöðvum ESB til að lýsa þeim kröfum Breta sem metnar eru óraunhæfar.

Grunnstoðir ESB, fjórfrelsið svokallaða, byggja á frjálsu flæði vara, þjónustu, fjármuna og fólks innan aðildarríkjanna. Talið er að kröfur Breta, sem enn hafa ekki verið gerðar opinberar, feli í sér að Bretar vilji fullan aðgang að innri markaðnum en vilji hins vegar setja ýmis höft á flæði fólks. Slíkt verður ekki samþykkt af ESB.

„ESB er að ganga í gegnum erfiða tíma núna. Sem stendur er innri markaðurinn meðal þess sem heldur sambandinu saman. Ef þú veitir utanaðkomandi þriðja ríki fullan aðgang að honum án þess að það taki á sig aðrar skyldur er það upphafið að endinum,“ segir Jean-Claude Piris, fyrrverandi yfirmaður lagasviðs leiðtogaráðsins.

Á fundi leiðtoga ESB-ríkjanna, að Theresu May undanskilinni, var Brexit aðeins rætt í korter. Í yfirlýsingu sem var samþykkt var kallað eftir því að Bretar legðu fram „raunhæfar tillögur“. **– jóe**

> **Bretland gæti átt kökuna og étið hana líka.**
>
> Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands





**Evrópusambandið óttast um sjálfstæði pólskra dómastóla.**

## Þvinga dómara fyrr á eftirlaun

**PÓLLAND** Pólsk stjórnvöld ætla að þvinga 27 af 72 hæstaréttardómurum til að fara fyrr á eftirlaun, það er 65 ára í stað 70 ára. Forseti Póllands fær jafnframt möguleika á að skipa nýja dómara.

Evrópusambandið óttast að dómstólar í Póllandi verði pólitískir og hyggst beita sér fyrir því að hæstiréttur þar verði áfram sjálfstæður. Pólland fær mánuð til að svara erindi sambandsins.

Með breytingum á dómskerfinu geta pólsk stjórnvöld kosið eigin menn í ráðið sem velur dómara um allt land. **– ibs**

## Himinhár símreikningur vegna storks

**PÓLLAND** Pólska umhverfisáhugamannafélagið þarf að borga um 10 þúsund zloty, andvirði rúmlega 280 þúsund íslenskra króna, vegna búnaðar sem félagið kom fyrir á storki.

Fjölmargir storkar dveljast í Evrópu yfir sumarmánuðina en fljúga til heitari landa yfir veturinn. Þessi tiltekni storkur, sem hlaut nafnið Katjek, hafði vetrarsetu í Súdan.

Ástæðan fyrir upphæðinni var að óprúttinn aðili komst yfir SIM-kortið í staðsetningarbúnaðinum og hóf að nota það til að hringja fjölmörg símtöl.

„Við eigum ekki von á því að Katjek sé á lífi,“ segir Ireneusz Kaluga, talsmaður félagsins. **– jóe**

# Telja bankastjóra Landsbanka hafa fengið hóflega hækkun

**Laun bankastjóra Landsbankans hækkuðu um 1,2 milljónir á mánuði. Bankaráð telur sig hafa gætt hófsemi við ákvörðunina sem hafi tekið mið af starfskjarastefnu bankans. Laun stjórnenda eiga að vera samkeppnishæf við kjör annarra stjórnenda í fjármálafyrirtækjum. Bankastjóri Landsbankans hefur setið eftir um árabil.**

**KJARAMÁL** Bankaráð Landsbankans telur sig hafa gætt hófsemi þegar það ákvarðaði að mánaðarlaun bankastjórans skyldu hækka um tæpar 1,2 milljónir á síðasta ári. Ákvörðunin hafi byggt á starfskjarastefnu bankans þar sem kveðið er á um að laun helstu stjórnenda skuli vera samkeppnishæf við kjör annarra stjórnenda stórra fjármálafyrirtækja, nokkuð sem ekki hafi verið raunin með bankastjóra Landsbankans um áralangt skeið.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá um helgina hækkuðu laun margra forstjóra ríkisfyrirtækja gríðarlega þann 1. júlí í fyrra þegar ákvörðunarvald yfir launum þeirra var fært frá kjararáði til stjórna viðkomandi fyrirtækja. Mánaðarlaun forstjóra Landsvirkjunar, Harðar Arnarsonar, hækkuðu um 58 prósent eða sem nemur ríflega 1,2 milljónum króna. Fast á hæla Herði í hækkunum kom Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, sem hækkaði um 56 prósent eða tæpar 1,2 milljónir á mánuði. Hækkuðu laun bankastjórans úr 2.089.093 krónum á mánuði í 3.250.000 krónur. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins kom fram að stjórn Landsvirkjunar taldi sig vera að efna ráðningarsamning við Hörð frá árinu 2009, áður en forstjórinn færðist undir kjararáð.

Í svari frá Landsbankanum við fyrirspurn Fréttablaðsins þar sem óskað var skýringa frá bankaráði á þeirri ákvörðun að hækka laun bankastjórans um 56 prósent á einu bretti, segir að það byggi á starfskjarastefnu bankans sem samþykkt sé á aðalfundi. „Um að starfskjör helstu stjórnenda skuli vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fjármálafyrirtækjum á fjármálamarkaði og ákveðin í samræmi við lög en þó ekki leiðandi.“

Eins og fram hefur komið beindi fjármála- og efnahagsráðuneytið þeim tilmælum til stjórna ríkisfyrirtækja í ársbyrjun 2017 að launahækkunum forstjóra yrði stillt í hóf eftir breytingarnar 1. júlí. Aðspurð hvernig launahækkun bankastjórans í fyrra samræmist þeim tilmælum segir:

„Í kjölfar lagabreytingarinnar hefur bankaráð tekið starfskjör bankastjóra til endurskoðunar og lagt til grundvallar að gætt sé hófsemi varðandi launakjör, en að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem bankinn starfar á, en séu ekki leiðandi. Bankastjóri Landsbankans hefur um áralangt skeið ekki notið kjara í samræmi við starfskjarastefnu bankans.“

Fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, Steinþór Pálsson, gerði oft athugasemdir við launakjör sín á sínum tíma og benti á að hann sem bankastjóri væri með lægri laun en margir undirmanna hans.

**mikael@frettabladid.is**



**Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, fékk hóflega launahækkun að mati bankaráðsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Starfskjör helstu stjórnenda skuli vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fjármálafyrirtækjum.**
>
> Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs og starfskjaranefndar Landsbankans







**Abena** hjálparvörurnar við þvagleka fást í Rekstrarlandi og sérfræðingar okkar aðstoða við rétt val á þeim. Þessar vörur eru af öllum stærðum og gerðum svo auðvelt er að finna þægilega lausn sem hentar hverjum og einum.

Skírteinishafar geta leitað beint til Rekstrarlands til að fá **Abena** þvaglekavörur afgreiddar. Við sjáum um að koma vörunum beint heim til notenda án aukakostnaðar.

Svörum fyrirspurnum fúslega í síma **515 1100** eða á **heilbrigdi@rekstrarland.is**
Verslunin í Vatnagörðum er opin kl. 8-17 alla virka daga.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

REKSTRARLAND

SALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSAL

LA ÚTSALA ÚT

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR

## ROYAL LAYLA
## 30% AFSL

Hágæða millistíft fimmsvæða skipt heilsurúm með áföstum 10cm mjúkum topp, millistífu pokagormakerfi, stífum kanti ásamt botni og fótum.



**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald



140x200 cm

**ÚTSÖLUVERÐ**

**108.664 kr.**

**9.777 kr.** *á mánuði með kreditkortaláni.

**FULLT VERÐ 155.233 kr.**



160x200 cm

**ÚTSÖLUVERÐ**

**130.415 kr.**

**11.653 kr.** *á mánuði með kreditkortaláni.

**FULLT VERÐ 186.306 kr.**



180x200 cm

**ÚTSÖLUVERÐ**

**157.509 kr.**

**13.990 kr.** *á mánuði með kreditkortaláni.

**FULLT VERÐ 225.013 kr.**

**KOMDU NÚNA!**

**FYRSTA GREIÐSLA Í OKTÓBER.**

30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR 30

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Revk 5-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

% AFSLÁTT 60% AFSLÁTTUR

# Fótboltadrengirnir fundnir eftir níu daga leit en háskaleg björgun bíður

**Drengjahópur sem beðið hefur björgunar í níu daga er loks fundinn. Óvíst er þó hvort þeir séu í ástandi til að kafa langa leið til að komast út úr hellinum.**



Kafarar náðu þessari mynd skömmu eftir að þeir fundu hópinn. Drengirnir eru við ágæta heilsu eftir níu daga dvöl í hellinum. MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP

**TAÍLAND** „Ég get fullvissað ykkur um að við höfum fundið þá.“ Þetta tilkynnti Narongsak Osottanakorn, ríkisstjóri í Chiang Rai-héraði í Taílandi, á blaðamannafundi í gær. Fyrr um daginn fundu björgunarmenn tólf unga drengi, auk knattspyrnuþjálfara þeirra, á lífi eftir þrotlausa leit undanfarna níu daga. Hópurinn festist djúpt inni í Tham Luang-hellinum í norðurhluta Taílands þegar mikið flóð gekk yfir svæðið.

Aðstandendur drengjanna, sem eru á aldrinum 11 til 16 ára, höfðu á síðustu dögum safnast saman við hellinn og biðu þar fregna af líðan þeirra. Osottanakorn sagði þeim í gær að þeir væru á lífi, en að hann hefði ekki aðrar upplýsingar um aðstæður í hellinum.

Björgunarmenn og bráðaliðar voru að störfum langt fram eftir degi í gær, en þar hlúðu þeir að drengjunum og undirbjuggu þá fyrir langa göngu út úr hellinum.

„Við ákveðum næstu skref eftir að læknar hafa metið ástand drengjanna,“ sagði Osottanakorn.

Björgun drengjanna þykir mikið afrek. Kafarar þurftu að þræða þrönga ganga hellisins til að ná til þeirra. Á einum tímapunkti þurftu þeir að brjóta sér leið í gegnum göngin svo að þeir kæmust í gegn með súrefnistanka sína. Þessi háskalega för kafaranna var lokahnykkurinn í margra daga aðgerðum, þar sem björgunarmenn þurftu meðal annars að koma gríðarstórum vatnsdælum fyrir við hellismunnann og dælan vatni upp úr hellinum svo að kafarar og aðrir björgunarmenn gætu með greiðari hætti komist að drengjunum.

Þrátt fyrir að drengirnir séu nú fundnir blasir við að endanleg björgun þeirra úr Tham Luang-hellinum verður meiriháttar þolraun. Hópurinn mun að öllu líkindum þurfa að kafa langa leið, þá sömu og kafararnir bjuggu til, til að komast í faðm fjölskyldna sinna. Talsmaður taílensku lögreglunnar sagði fjölmiðlum í gær að björgunarmennirnir myndu vera hjá drengjunum þangað til þeir væru hólpnir. Hann sagði einnig að björgunarmenn væru að skoða annan möguleika, að bora niður í gegnum fjallið sem hellirinn er í.

Maha Vajiralongkorn Bodindradebayavarangkun, konungur Taílands, segist fylgjast grannt með þróun mála og að hann muni aðstoða björgunarmenn með því að miðla upplýsingum milli þeirra og ráðamanna í Taílandi.

kjartanh@frettabladid.is



Aðstandendur voru í skýjunum þegar fregnir bárust af því að drengirnir væru á lífi og hefðu fengið aðhlynningu.



Aðstandandi gladdist mjög þegar fyrstu myndir innan úr hellinum birtust. Drengirnir sjást hér brosandi í hellinum.







# ÚTSALA








## 30-60%
## AF ÖLLUM VÖRUM









# Hirzlan 25 ára

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN – MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR











**35%**
af öllum stólum

**40-60%**
af allri Prima vörulínunni

**50-60%**
af völdum vörum og sýnishornum

# Vætutíð



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Veðurfar hefur sannarlega verið afbrigðilegt á Suður- og Vesturlandi. Í raun hafa alþurrir dagar aðeins verið 5 af síðustu 62 dögum í Reykjavík. Þó svo að veður hafi annars staðar á landinu verið bærilegt – jafnvel afar gott – þá er skiljanlegt að íbúar höfuðborgarsvæðisins séu orðnir langþreyttir á langvarandi vætutíð.

Undir þessum kringumstæðum er freistandi að leita svara í þeim hnattrænu breytingum sem óneitanlega eru að eiga sér stað í veðrakerfum plánetunnar. Er loftslagsbreytingum um að kenna? Varla er það svo. Þó svo að svo væri, þá væru það vafasöm vísindi að draga víðtækar ályktanir út frá stuttu og einangruðu tímabili. Því miður er það svo að viðfangsefni loftslagsvísindanna eru hræringar og breytingar sem eiga sér stað á tímaskala sem fjarlægur er hinni sértæku mannlegu reynslu.

Hins vegar, og án alls kvikindisskapar í garð íbúa á suðvesturhorninu, þá er rigningarsumarið mikla árið 2018 ágætur tímapunktur fyrir okkur til að staldra við og fara yfir það sem líkön loftslagsvísindamanna segja okkur um úrkomu komandi áratuga.

Eins og kemur fram í nýlegri skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar mun áframhaldandi loftslagsbreytingum fylgja aukin ákefð í úrkomu. Úrkoma eykst í heildina, þó svo að ekki sé víst að það muni rigna oftar í framtíðinni. Hafa ber í huga að mikil óvissa í er fólgin í þessum spám, sérstaklega varðandi úrkomu, en gera má ráð fyrir því að úrkoma aukist um að minnsta kosti 1,5 til 4,5 prósent fyrir hverja gráðu sem hlýnar. Bjartsýnar spár gera ráð fyrir hlýnun sem nemur að meðaltali 1,3 til 2,3 gráðum um miðbik aldarinnar. Verði losun gróðurhúsalofttegunda mikil gæti hlýnun numið 4 gráðum undir lok aldarinnar. Líklegt er að samfara hnattrænni hlýnun verði aftakaúrkoma mjög víða ákafari og tíðari. Í raun verður þetta framhald þróunar sem hefur átt sér stað undanfarin ár þar sem úrkoma á landinu hefur aukist úr 1.500 mm á ári í 1.700.

Þannig er líklegt að þurrum dögum fækki ekki en um leið boða þessar breytingar meiriháttar áskorun fyrir íslenskt samfélag. Áskorun sem við erum skammt á veg komin með að kynna okkur. Með aukinni úrkomuákefð aukast líkurnar á skriðuföllum, fráveitukerfi munu ekki þola þetta aukna álag, aukin úrkoma mun hafa áhrif á burðarþol vega og endingu slitlaga, og líklegt er að þessar úrkomubreytingar muni hafa áhrif á forða og gæði vatnsbóla.

Markmið þessara skrifa er ekki að draga endanlega þróttinn úr veðurþreyttum lesendum. Þvert á móti er hér að finna tilefni til bjartsýni. Sólin mun halda áfram að skína og það mun stytta upp á endanum. Og þegar það gerist verðum við vonandi minnugri um það nauðsynlega verkefni okkar að gefa komandi kynslóðum, sem sannarlega munu upplifa sína vætutíð, þau vopn sem hún þarf til að takast á við þung áhrif loftslagsbreytinga.

> **Alþurrir dagar í Reykjavík hafa aðeins verið 5 af síðustu 62 dögum.**

## Halldór




ÚTSALA
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
30-70% AFSLÁTTUR
Heelys rúlluskór
Útsöluverð 7.797
Verð áður 12.995




skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 HÆÐ
www.skornirthinir.is

## Frá degi til dags

**Fjölmiðlabannið**

**Fæðing samkomulags í kjaradeilu ljósmæðra við ríkið hefur gengið erfiðlega sem kunnugt er. Umræðan hefur verið nokkuð einhliða en ríkið hefur að mestu þagað þunnu hljóði meðan ljósmæður hafa látið höggin dynja á því. Obbi þjóðarinnar virðist því vera á þeirra bandi þrátt fyrir að vita ekki hve mikla hækkun stéttin vill. Að sögn formanns samninganefndar þeirra ríkir trúnaður um kröfur þeirra og hefur þeim verið hótað fjölmiðlabanni komi þær fram í dagsljósið. Slíkt er afleitt enda erfitt að sjá hvort ríkið hafi eitthvað til síns máls meðan ekki er vitað hvað ljósmæður vilja fyrir sinn snúð.**

**Skiptimyntin**

**Til að þrýsta á viðbrögð af hálfu ríkisins hafa ljósmæður boðað til yfirvinnubanns. Grafalvarlegt ástand gæti skapast við það en nú þegar eru vaktir víða keyrðar áfram á neyðarfólki þar sem starfsfólk vantar á vaktir. Auðvelt er að ímynda sér að ýmislegt geti farið úrskeiðis ef of margar þungaðar konur taka upp á því að verða léttari samtímis. Það er ekki laust við að um mann fari hrollur við það að fylgjast með ófæddum börnum vera brúkuð sem skiptimynt í slíkri baráttu.**

**joli@frettabladid.is**

# Einfalt og öflugt kerfi



Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Vorið 2016 samþykkti Alþingi samhljóða frumvarp mitt sem þáverandi heilbrigðisráðherra um að koma á nýju greiðsluþátttökukerfi fyrir heilbrigðisþjónustuna. Frumvarpið byggði á tillögum nefndar sem leidd var af Pétri heitnum Blöndal. Um var að ræða grundvallarbreytingar – þær mestu sem gerðar höfðu verið á greiðsluþátttöku sjúklinga í áraraðir.

Helstu markmið frumvarpsins voru að skapa einfaldara, gegnsærra og skiljanlegra greiðsluþátttökukerfi. Verja þá sem mest þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda fyrir háum útgjöldum. Draga úr útgjöldum barnafjölskyldna og styrkja hlutverk heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustaðar fólks í heilbrigðiskerfinu. Frumvarpið varð að lögum 2. júní 2016 og tók nýja kerfið gildi 1. maí 2017.

Starfsfólk velferðarráðuneytisins ásamt Sjúkratryggingum Íslands undir stjórn Steingríms Ara Arasonar unnu vel að framkvæmd málsins og þá var samvinna við velferðarnefnd undir forystu Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur til mikillar fyrirmyndar. Sjúkratryggingar Íslands hafa nú tekið saman skýrslu um reynsluna af þessu nýja kerfi. Niðurstaðan er sérstaklega ánægjuleg en staðreyndirnar tala sínu máli:

Markmið nýja kerfisins um að lækka verulega útgjöld þeirra sem mest þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda hefur náðst.

- Þak á hámarksgreiðslur sjúklinga hefur varið þá sem veikastir eru fyrir miklum útgjöldum.
- Útgjöld barnafjölskyldna í hinu nýja kerfi hafa lækkað.
- Hlutverk heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustaðar í heilbrigðiskerfinu hefur styrkst.
- Meðalútgjöld einstaklinga vegna allrar þjónustu sem fellur undir greiðsluþátttökukerfið, bæði samningsbundinnar þjónustu SÍ, þjónustu á sjúkrahúsum og heilsugæslu, hafa lækkað um 19%.
- Heildarútgjöld einstaklinga vegna allrar þjónustu sem fellur undir greiðsluþátttökukerfið lækkuðu um rúmar 800 milljónir miðað við árið 2016.

Það eru gleðitíðindi hversu vel hefur til tekist á fyrsta ári nýs kerfis. Við eigum að halda áfram á þessari braut og draga enn frekar úr greiðsluþátttöku sjúklinga líkt og kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

> **Það eru gleðitíðindi hversu vel hefur til tekist á fyrsta ári nýs kerfis.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Varðveisla skjala og persónuvernd



Svanhildur Bogadóttir
borgarskjalavörður

Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga er nátengd skjalastjórn og skjalavörslu opinberra aðila. Á nær hverjum degi leita einstaklingar til Borgarskjalasafns Reykjavíkur eftir skjölum og upplýsingum sem tengjast lífi þeirra með einum eða öðrum hætti.

Stundum er þar um að ræða upplýsingar um lóðir, hús eða skipulag hverfis. Einnig er óskað afrita af trúnaðarupplýsingum um aðilana sjálfa. Slík trúnaðargögn varða oft hagsmuni og mikilvæg réttindi einstaklinga og geta því haft áhrif á líf þeirra. Dæmi um það eru til dæmis greiningargögn, barnaverndarmál, einkunnir og fleira. Það að skjölin hafi varðveist getur skipt einstaklingana miklu máli.

Til dæmis kom maður á Borgarskjalasafn í síðasta mánuði. Hann hafði sótt um nám í framhaldsháskóla erlendis en verið synjað um skólavist vegna þess að hann gat ekki framvísað prófskírteini eða öðru er staðfesti að hann hefði lokið grunnskólaprófi. Á safninu fundust bæði kladdar frá skólanum sem báru með sér að hann hafði verið þar í 10. bekk og ljósmynd sem tekin var á útskriftarhátíð skólans. Hann hafði samband við erlenda framhaldsskólann og fékk að vita að þetta myndi nægja honum til að fá inngöngu í skólann. Það skipti hann því miklu máli að þessi gögn voru til.

Annar maður kom í afgreiðslu Borgarskjalasafns, sem var nýbyrjaður á nýjum vinnustað. Vegna vinnustaðaleiks voru allir beðnir um að koma með myndir af sér frá því að þeir voru krakkar. Hann hafði í æsku verið í fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda, minni hans frá þeim tíma var gloppótt og hann átti engar slíkar myndir. Í möppu hans frá barnaverndaryfirvöldum voru ljósmyndir frá þessum tíma og fékk hann afrit af þeim. Hann tjáði starfsmanni að þetta hefði mjög mikla þýðingu fyrir sig.

**Undirbúningur og innleiðing á nýjum persónuverndarlögum**

Þann 13. júní sl. samþykkti Alþingi ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Um er að ræða ný heildarlög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem leysa af hólmi eldri lög. Um er að ræða grundvallarlöggjöf er varðar mannréttindi einstaklinga. Það skaut því skökku við að frumvarp að lögunum var lagt fyrir Alþingi 28. maí og gafst því allt of stuttur tími til að skrifa umsagnir um frumvarpið. Til að mynda fékk Borgarskjalasafn einungis átta daga til þess að skrifa sína umsögn. Frumvarpið var afar umfangsmikið, samtals 147 blaðsíður með greinargerð.

Því miður var frumvarpið samþykkt nær óbreytt þrátt fyrir fjölda athugasemda á hinum stutta umsagnartíma. Lögin eru flókin og torskilin almenningi. Óæskilegt er að slík lög sem varða réttindi einstaklinga séu þannig að þeim sé í raun ofviða að skilja inntak laganna og átta sig á réttindum sínum. „Það á ekki að þurfa lögfræðinga til að geta uppfyllt lögin eða skýrt,“ sagði í umsögn Borgarskjalasafns um frumvarpið. Einnig eru lögin óljós fyrir ábyrgðaraðila um hvað eigi að gera til að uppfylla skilyrði laganna; hvað megi og hvað megi ekki.

**Má eyða persónuupplýsingum?**

Lögin um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga tengjast annarri grundvallarlöggjöf um réttindi almennings, eins og stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og lögum um opinber skjalasöfn. Markmið þeirra síðastnefndu er einmitt að tryggja gegnsæi, vörslu og örugga meðferð skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.

Vegna þess hve óskýr persónuverndarlögin eru hefur víða orðið vart við misskilning varðandi varðveislu á persónuupplýsingum. Borið hefur á því að aðilar innan stjórnsýslunnar telji að með nýjum persónuverndarlögum verði þeim heimilt eða skylt að eyða persónuupplýsingum sem myndast í starfseminni. Eins og Borgarskjalasafn hefur margoft bent á er mjög mikilvægt að eyða þessum útbreidda misskilningi. Það getur valdið einstaklingum og stjórnvöldum miklum skaða verði skjölum eytt í heimildarleysi. Þetta er hættulegur misskilningur. Það sem er búið að eyða verður ekki endurheimt.

**Varðveisluskylda í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum**

Rétt er að árétta að ekkert hefur breyst varðandi varðveisluskyldu opinberra aðila, svo sem ríkisstofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra. Lykilatriði í skjalavörslu þessara aðila er að hún sé fagleg og unnin með skipulögðum hætti, hvort sem um er að ræða minni eða stærri aðila. Vinna þarf skjalavistunaráætlanir og fá samþykki opinbers skjalasafns fyrir þeim samkvæmt gildandi lögum og reglum. Í slíkri skjalavistunaráætlun er skilgreint hvaða skjöl beri að varðveita og með hvaða hætti. Vönduð vinnubrögð í þessum efnum er í raun forsenda allrar persónuverndar hjá opinberum stofnunum.

Skjalavarsla opinberra aðila er ekki einkamál þeirra, heldur er hún lögbundin. Henni er ætlað að auka gegnsæi, skilvirkni og skráningu ákvarðana og ekki síst að gera sönnun mögulega í réttindamálum einstaklinga.

Skjalavarslan skiptir okkur öll máli og það á að vera metnaðarmál hverrar stofnunar að hún uppfylli lagakröfur.

# Dómur 729/2017

Þriðjudaginn 26. júní sl. féll dómur í Hæstarétti Íslands í málinu nr. 729/2017. Með dóminum voru ómerkt ummæli sem birst höfðu í Fréttablaðinu, visi.is og í fréttum Stöðvar 2 og Bylgjunnar vegna fréttaflutnings af svo kölluðu Hlíðamáli.

Hæstiréttur staðfesti þar dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

Dómsorð: Eftirfarandi ummæli skulu vera dauð og ómerk:

Ummæli í kröfuliðum 3 og 19 í stefnu „Íbúð í Hlíðunum var útbúin til nauðgana“. Ummæli í kröfuliðum 5, 9, 14 og 20 í stefnu „Samkvæmt heimildum [Frétta]blaðsins voru árásirnar hrottalegar og íbúðin búin tækjum til ofbeldisverka“.

Ummæli í kröfuliðum 8, 13, 18 og 25 í stefnu „Þá voru hankar í loftinu sem grunur leikur á að mennirnir hafi notað til að hengja upp aðra konuna á meðan ráðist var á hana“.

Ummæli í kröfulið 26 í stefnu „Fréttablaðið greindi frá því á mánudag að íbúðin væri búin tækjum og tólum til ofbeldisiðkunar“.

Ummæli í kröfulið 30 í stefnu „.... en í fyrra tilfellinu var annarri þeirra nauðgað af bekkjarbróður hennar en seinni konunni var nauðgað af báðum mönnum í heimahúsi í Hlíðunum“.

Ummæli í kröfulið 31 í stefnu „Samkvæmt heimildum blaðsins voru árásirnar hrottalegar og íbúðin búin tækjum til ofbeldisiðkunar, sem lögregla gerði upptæk“.

Að öðru leyti eru stefndu sýknuð af ómerkingarkröfum stefnenda.

Stefnda, Nadine Guðrún Yaghi, greiði hvorum stefnanda um sig, A og B, 700.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. málslið 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 11. nóvember 2015 til 27. maí 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Heimir Már Pétursson, greiði hvorum stefnanda um sig, 50.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. málslið 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. nóvember 2015 til 27. maí 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Stefán Rafn Sigurbjörnsson, greiði hvorum stefnanda um sig, 50.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. málslið 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. nóvember 2015 til 27. maí 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda, Þórhildur Þorkelsdóttir, greiði stefnanda, A, 100.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. málslið 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 9. nóvember 2015 til 27. maí 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda, Þórhildur, greiði stefnanda, B, 200.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. málslið 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 9. nóvember 2015 til 27. maí 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Birta skal forsendur og dómsorð dóms þessa eigi síðar en sjö dögum eftir dómsuppsögu í Fréttablaðinu og á vefsvæðinu www.visir.is og gera grein fyrir þeim í útvarpsfréttum Bylgjunnar og sjónvarpsfréttum Stöðvar 2 að viðlögðum 50.000 króna dagsektum.

Stefndu greiði óskipt stefnendum 900.000 krónur í málskostnað.

FORD KUGA TITANIUM S AWD
YFIRBURÐIR!
Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, akstureiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi.




FORD KUGA TITANIUM S AWD SJÁLFSKIPTUR
VERÐ ÁÐUR: 5.610.000 KR.
TILBOÐSVERÐ:
5.190.000 KR.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# 40% -70% AFSLÁTTUR

SÓFAR OG HÆGINDASTÓLAR

SUMARVARA

PÚÐAR

RÚM

SVEFNSÓFAR

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

ILVA

# RISA GÖTU-MARKAÐUR

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM!
1000M² SVÆÐI VIÐ HLIÐINA Á ILVA
BÆTUM VIÐ NÝJUM VÖRUM DAGLEGA



BORÐSTOFUSTÓLAR

Sýningareintök, lítið útlitsgölluð húsgögn, smávara og síðustu eintök



SMÁVARA

LÝKUR 8. JÚLÍ

VISA MasterCard

**12 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

**3 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Hin unga NBA-stjarna Lauri Markkanen sækir að Hlyni undir körfunni en Íslendingar gerðu það sem þeir gátu til að stöðva hann í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sterkir Finnar gengu frá Íslandi

**Íslenska karlalandsliðið lenti í neðsta sæti F-riðilsins og komst því ekki á næsta stig undankeppni HM 2019. Öflugur varnarleikur Finna og slök skotnýting Íslands fyrir utan þriggja stiga línuna varð liðinu að falli.**

**KÖRFUBOLTI** Draumur íslenska karlalandsliðsins í körfubolta um að komast á Heimsmeistaramótið í Kína 2019 fauk út í buskann eftir fjórtán stiga tap 91-77 gegn Finnlandi ytra í lokaumferð fyrri hluta undankeppninnar.

Þurfti Ísland að sætta sig við neðsta sæti F-riðilsins á meðan Finnland, Tékkland og Búlgaría héldu áfram á lokastig undankeppninnar í Evrópu.

Endaði Ísland með átta stig í riðlinum, jafn mörg og Búlgaría, en innbyrðis viðureignirnar gegn Búlgaríu, tvö töp, felldu íslenska liðið að lokum.

Eftir tap gegn Búlgaríu fyrir helgi var íslenska landsliðið enn með örlögin í höndum sér en þurfti að vinna leik gærdagsins gegn Finnum ytra ásamt því að treysta á að Tékkar myndu vinna Búlgaríu.

Finnland tefldi fram sínu sterkasta liði, Lauri Markkanen, NBA-stjarna Chicago Bulls, var mættur og gáfu Finnar tóninn snemma.

Náðu Finnar strax góðu forskoti en rispa Íslands þar sem vörnin setti í lás kom Íslandi aftur inn í leikinn í öðrum leikhluta og var allt í járnum langt inn í þriðja leikhluta.

Þá lentu lykilmenn Íslands í villuvandræðum á sama tíma og leikmenn Finnlands stigu upp. Slök þriggja stiga nýting Íslands og öflugur varnarleikur Finna skilaði heimamönnum sigrinum í seinni hálfleik. kristinnpall@frettabladid.is

### Undankeppni HM 2019

**Finnland 91-77 Ísland**

**Stig Íslands:** Haukur Helgi Pálsson 16, Martin Hermannsson 13, Elvar Friðriksson 10, Hörður Axel Vilhjálmsson 9, Hlynur Bæringsson 8, Jón Axel Guðmundsson 7, Tryggvi Hlinason 6, Kristófer Acox 5, Hjálmar Stefánsson 2, Ægir Steinarsson 1.

## Stjarna gærdagsins á HM 2018

Stórstjarnan Neymar reyndist skilja liðin að í 2-0 sigri Brasilíu á Mexíkó í gær. Skoraði hann annað markið og átti stóran þátt í marki Roberto Firmino sem innsiglaði sigur Brasilíu.



Neymar var töluvert í sviðsljósinu í leiknum enda gáfu leikmenn Mexíkó honum engan afslátt. Voru þeir duglegir að brjóta á honum og veltist hann um, að því er virtist sárþjáður, oft en alltaf reis hann upp eftir stutta aðhlynningu.

Brasilíumenn eru ekki jafn háðir Neymar á þessu móti og síðast en það er ljóst að hann þarf að axla ábyrgð og taka af skarið ef Brasilía ætlar að gera atlögu að titlinum.

**HM 2018 í Rússlandi, 16-liða úrslit**

**Brasilía - Mexíkó 2-0**
1-0 Neymar (51.), 2-0 Roberto Firmino (88.).

**Belgía - Japan 3-2**
0-1 Genki Haraguchi (48.), 0-2 Takashi Inui (52.), 1-2 Jan Vertonghen (79.), 2-2 Marouane Fellaini (74.), Nacer Chadli (90+4.) .

**Pepsi-deild karla**

**FH - Stjarnan 2-3**
1-0 Brandur Olsen (8.), 1-1 Brynjar Gauti Guðjónsson (37.), 2-1 Daníel Laxdal (48, sjálfsm.), 2-2 Hilmar Árni Halldórsson (65.), 2-3 Himar Árni (90.).

## HM í dag

**14.00** **Svíþjóð – Sviss**
**18.00** **Kólumbía – England**


## Nokkrir góðir inn í sumarið

Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is



**Audi A8** Ekinn 39.000
Quattro 4.2 V8 TDI
2012 **7.490.000** KR
4x4

Aðgerðahnappar í stýri, akstursstölva, armpúði, bakkmyndavél, Bluetooth símatenging, geislaspilari, hæðarstillanlegt sæti ökumanns, hiti í framrúðu, hiti í framsætum, hiti í stýri, hraðastillir, ISOFIX festingar í aftursætum, LED dagljós, leðuráklæði, litað gler, líknarbelgir, loftkæling, loftpúðafjöðrun, lykillaust aðgengi, minni í framsætum, rafdrifin framsæti, rafdrifnar rúður, rafdrifnir hliðarspeglar, regnskynjari, topplúga, Xenon aðalljós, 10 arma, 20"" álfelgur, dynamic steering, 4ja arma stýrishjól hitað, sóllúga, nálgunarvarar í stuðurum, Bose hljómkerfi, bluetooth, ljúflokun á hurðum, volcano leður, rafdrifin opnun/lokun á skottloki.



**Audi Q5** 30
Quattro 2.0 TDI
2016 **6.490.000** KR 4x4
TILBOÐ **5.990.000** KR



**BMW 218D** 40
F46 Grand Tourer
2015 **3.390.000** KR



**Mitsubishi Pajero** 67
Instyle 3.2 DID
2016 **6.390.000** KR 4x4

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll



**VW Caddy** 88
2.0 ECOFUEL MT
2011 ~~1.140.000~~ KR ECO
TILBOÐ **920.000** KR
með VSK



**Skoda Superb Combi** 37
Style 2.0 TDI
2017 ~~5.290.000~~ KR
TILBOÐ **4.990.000** KR



**VW Golf Variant** 6
Comfortline R-Line 1.4 TSI
2017 **3.990.000** KR

Volkswagen ŠKODA MITSUBISHI MOTORS

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 3. JÚLÍ 2018



# Laus við slæma verki

Jón Arnór Stefánsson körfuboltamaður hefur glímt við verki í hné og mjóbaki sem hafa gert honum lífið leitt. Eftir að hann kynntist FIT-verkjaplástri hefur líðanin orðið mun bærilegri.

FIT-verkjaplásturinn hefur hjálpað Jóni Arnóri, bæði varðandi bólgur og verki í hnjám og baki. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



**Það getur verið erfitt að hætta að stunda líkamsrækt, bæði fyrir líkamlega og andlega heilsu, og rannsóknir sýna að áhrifanna gætir nánast um leið og reglulegri hreyfingu er hætt.** →4




Jón Arnór er einn farsælasti körfuboltamaður Íslands. Hann hefur leikið körfubolta í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Spáni, Ítalíu og Rússlandi. Jón Arnór var kjörinn íþróttamaður ársins af Samtökum íþróttafréttamanna árið 2014. Hann hefur ekki spilað undanfarið vegna meiðsla en hefur notið þess að vera í sumarfríi með fjölskyldunni áður en átökin hefjast á nýjan leik með KR í haust.

„Ég er búinn að vera lengi í íþróttum og alls kyns kvillar hafa gert mér lífið leitt. Það hefur verið mikið álag á skrokknum. Ég kynntist FIT-verkjaplástrinum fyrir nokkrum mánuðum og hef notað hann á hnén og mjóbakið. Það er einfalt að setja hann á líkamann og ég fann strax virkni. Ég get farið á æfingar með plásturinn, farið í sturtu og hreyft mig án þess að hann detti af. Virknin er alveg í fjóra til fimm daga,“ segir hann. „Húðin roðnar aðeins undan plástrinum en það er vegna þess að hann gefur aukið blóðflæði. Þetta virkar alveg ótrúlega vel,“ segir Jón Arnór og bætir við að hann geti mælt með plástrinum fyrir alla íþróttamenn.

„Ég hef góða reynslu af verkjaplástrinum sem íþróttamaður en ég er viss um að hann dugar vel fyrir alla. Áður hafði ég tekið inn mikið af verkjalyfjum en er hættur því. Hef ekki þurft að taka þau inn eftir að ég byrjaði að nota plásturinn og mér líður miklu betur í hnjánum. Það er allt annað að vakna á morgnana núna því ég er ekki eins stífur og verkjaður. Stundum var erfitt að komast fram úr rúminu eftir að hafa verið í stöðugum æfingum og keppni. Ég get alveg mælt hundrað prósent með verkjaplástrinum. Mín reynsla er allavega mjög góð,“ segir hann.

Jón Arnór segist ætla að hætta að leika körfubolta eftir þetta tímabil. „Ég er búinn að taka mikið út úr líkamsbankanum og nú er komið að skuldadögum með tilheyrandi verkjum. Það er samt ótrúlegt að hægt sé að fá þessa hjálp með plástri. Þetta er ný tækni og margar klínískar rannsóknir sem hafa verið gerðar á honum. Það eru fáanlegar nokkrar gerðir af plástrum fyrir mismunandi verki. Ég mæli eindregið með FIT-plástrinum fyrir fólk sem er verkjað, að það prófi þessa lausn, að minnsta kosti hefur hún reynst mér vel bæði varðandi verki og bólgur.“

Jón Arnór hefur notið þess að vera í fríi með börnum sínum undanfarna daga. „Ég fór með konunni minni til Marokkó í maí en hef notið sumarsins hérna heima. Ég gat ekki spilað með landsliðinu í sumar vegna meiðsla og þurfti að taka mér frí. Ég stefni á að ná mér og koma hress til leiks í haust. Ég hef ekki tekið frí að sumri í mörg ár og nýt þess núna að vera með fjölskyldunni. Þótt sólin láti ekki sjá sig í höfuðborginni þá er ég með sól í hjarta,“ segir Jón Arnór.



Jón Arnór körfuboltamaður er nánast verkjalaus eftir að hann fór að nota verkjaplástrana.



Það fer ekki mikið fyrir plástrinum. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



Jón Arnór er verkjalaus í mjóbaki eftir að hann kynntist FIT-verkjaplástrinum.







Plástrarnir henta víðs vegar um líkamann ef fólk er með slæma verki.

## Nýsköpun í verkjastillingu

Verkir af hinum ýmsu gerðum hafa fylgt mannskepnunni alla tíð. Verkir hafa verið meðhöndlaðir á ýmsa vegu með nuddi, nálastungum og lyfjum svo eitthvað sé nefnt. Hin síðari ár hefur notkun verkjalyfja aukist til muna oft á tíðum með slæmum afleiðingum á önnur líffæri, t.d. maga. ÍSAM hefur nú hafið sölu á nýrri gerð af verkjaplástrum sem eru fáanlegir í flestum apótekum landsins.

FIT-plástrarnir eru ítölsk uppfinning sem byggja á innrauðu geislum líkamans sem eru nýttir aftur inn í líkamann og örva þannig háræðakerfið svo að blóðið kemst betur til aumu staðanna og úrgangsefni hreinsast hraðar í burtu. Virkar því nokkuð svipað og nudd. Hjálpar líkamanum að hjálpa sér sjálfum.

Plástrarnir eru unnir úr viðurkenndu ofnæmisfríu plastefni og innihalda lífræn steinefni (t.d. títan) sem endurvarpa innrauðum geislum líkamans aftur inn í líkamann.

### Innrauðir geislar hafa margvísleg áhrif á líkama okkar:

- Auka virkni háræðakerfisins sem eykur blóðflæði svo að blóðið hreinsast betur af fitu og úrgangsefnum.
- Bæta súrefnisþéttni í líkamanum.
- Bæta vöðvavirkni.
- Bæta svefn og viðhalda hita.
- Verkjastillandi – minni þörf á verkjalyfjum.
- Plástrarnir eru alveg náttúrulegir, engar aukaverkanir þar sem þeir setja ekkert í líkamann sem er þar ekki nú þegar. Henta öllum, líka óléttum konum og þeim sem eru með barn á brjósti.

### Hvernig virka FIT-plástrarnir?

- Setjið plástrana á svæðin, eins og leiðbeiningar sýna, og bíðið í tvær mínútur eftir því að hiti frá líkamanum losi vel um límefnið svo að plásturinn nái öruggri festu. Nú breytist plásturinn í það sem verður best lýst sem spegli sem endurkastar orku frá líkamanum allt að 8-9 cm inn undir húðina; þessi orka hefur verkjastillandi áhrif. Hver plástur dugar í allt að 5 daga og má fara í sturtu.
- Haldið meðferð áfram þar til verkur hættir.
- Frá sama fyrirtæki eru einnig í boði tíðaplástrar sem nýta sömu tækni og draga úr tíðaverkjum kvenna.
- Verkjaplástrarnir og tíðaverkjaplástarnir eru komnir í sölu í flestum apótekum landsins.

Nánar má lesa um FIT-verkjaplástra á síðunni isam.is/fit-therapy




Verkjaplástur fyrir konur gegn tíðaverkjum.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338
Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Meiri kynlöngun, minni kvíði

**Minni kyngeta og virkni ásamt svefntruflunum geta verið afleiðingar minnkandi testósterón-framleiðslu. Macalibrium Revolution getur haft áhrif á orku, úthald og kynferðislega virkni.**



Flestir karlmenn finna fyrir eikennum testósterónskorts einhvern tíma á lífsleiðinni. Þau geta meðal annars verið minni kynlöngun, þreyta og hitakóf.

Hormónar stýra miklu um líf okkar og líðan og á það einnig við um karlmenn en þeir, rétt eins og konur, finna fyrir breytingum þegar aldurinn færist yfir og staðreyndin er sú að fjölmargir karlar sem komnir eru á miðjan aldur glíma við einkenni sem rekja má til minnkandi framleiðslu testósteróns,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

### Kyngeta og svefntruflanir

„Einkenni lækkandi testósteróngilda eru margvísleg. Breytingar á hormónaframleiðslu gerast þó ekki jafn hratt og í jafn miklum mæli og hjá konum og eru einkennin því ekki alltaf jafn augljós. En eftir því sem árin líða og aldurinn færist yfir breytist líka samsetning líkamans. Hlutur fitu eykst gjarnan á kostnað vöðvamassa, það dregur úr beinþéttni, kynvirkni minnkar, fleiri eiga í erfiðleikum með kyngetu. Kvíði, vægt þunglyndi og svefntruflanir verður einnig algengara.“

### Einkenni testósterónskorts

Flestir karlmenn finna fyrir einhverjum einkennum testósterónskorts einhvern tíma á lífsleiðinni og hjá mörgum geta þau haft veruleg áhrif á daglegt líf. Þessi einkenni geta verið:

- Skapstyggð
- Svefntruflanir
- Þreyta og þróttleysi
- Einbeitingarörðugleikar
- Minni vöðvastyrkur
- Hitakóf
- Aukin líkamsfita
- Minni kynlöngun og erfiðleikar við stinningu
- Beinmassi minnkar (beinþynning)
- Lið- eða vöðvaverkir
- Þunglyndi

Þessi einkenni benda til þess að eitthvað verði að gera í málunum. Menn geta leitað til læknis og jafnvel beðið um mælingu á testósterónmagni til að vita hvort orsökin liggi þar og ákveðið svo í framhaldi af því hvað sé best að gera.

### Jafnvægi á hormónabúskapinn

„Eitt af því sem hefur reynst karlmönnum afar vel gegn minnkandi testósterónframleiðslu er inntaka á Revolution Macalibrium en það inniheldur Maca-OG™ sem er einkaleyfisvarin blanda ólíkra afbrigða maca-jurtarinnar og er sérstaklega ætlað karlmönnum. Maca er adaptógen, efni sem fyrirfinnst í náttúrunni og er m.a. þekkt fyrir að auka viðnám líkamans gegn hvers kyns streituvöldum.“




Revolution Macalibrium hefur reynst vel við testósterónskorti.

**Revolution Macalibrium hefur góð áhrif á:**

- Orku og úthald
- Beinþéttni
- Kynferðislega virkni
- Frjósemi og almennt heilbrigði

Maca er afar virk rót og því er ráðlagt að byrja á einu hylki á dag og bæta við öðru hylki eftir 1-2 vikur. Eftir 3-4 mánuði má minnka skammtinn niður í 1 hylki en það gæti nægt til að viðhalda jafnvægi.

> **Fjölmargir karlar sem komnir eru yfir miðjan aldur glíma við einkenni testósterónskorts.** Hrönn Hjálmarsdóttir



Revolution Macalibrium er með lífræna vottun í USA, Evrópu og Japan, er ekki erfðabreytt (non GMO) er með Fair Trade vottun eða sanngirnisvottun, er glútenfritt og hentugt fyrir grænmetisætur og vegan. Virkni Revolution Macalibrium hefur verið staðfest í rannsóknum og birt í virtum lækna- og vísindatímaritum.




Sofðu rótt - í alla nótt

með náttúrulega svefnbætiefninu Good Night

Áttu erfitt með svefn?

Óreglulegur svefn getur haft alvarlegar heilsufarsafleiðingar. Good night inniheldur amínósýruna L-tryptófan, sérvaldar jurtir og bætiefni sem öll eru þekkt fyrir róandi og slakandi áhrif...

...svo þú getir sofið betur




Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana

# Að taka stigann vinnur gegn þunglyndi og eykur þol

Það getur haft afleiðingar að hætta að stunda líkamsrækt, bæði fyrir líkamlega og andlega heilsu og rannsóknir sýna að áhrifanna gætir nánast um leið og reglulegri hreyfingu er hætt. Þess vegna er mikilvægt að byggja hreyfinguna inn í daglegt líf, til dæmis með því að taka stigann.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Það hefur löngum verið þekkt að hreyfing er afskaplega jákvæð bæði fyrir líkamlega og andlega heilsu. Rannsóknir varðandi það hvernig áhrif það hefur á andlega heilsu einstaklings að hætta að stunda alveg reglulega hreyfingu hafa hins vegar verið af skornum skammti. Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var af sálfræðidoktorsnemanum Julie Morgan við háskólann í Adelaide í sunnanverðri Ástralíu getur það að leggja niður alla líkamsrækt, hvort sem það eru hlaup, dans eða lyftingar, haft þau áhrif að einstaklingurinn þróar með sér þunglyndiseinkenni. Rannsóknina framkvæmdi hún meðal annars með því að lesa í gögn úr eldri rannsóknum en einnig með því að leggja spurningalista fyrir 152 einstaklinga, þar af 50 konur.

Allir þátttakendur höfðu stundað líkamsrækt að minnsta kosti þrisvar í viku í að minnsta kosti þrjá mánuði og höfði hver æfingalota staðið í að minnsta kosti þrjátíu mínútur. Áhrifa þess að draga mikið úr eða hætta líkamsrækt jafnvel alveg gætti hjá sumum nánast um leið og æfingunum var hætt, jafnvel innan þriggja daga hjá sumum þeirra sem tóku þátt í rannsókninni en eftir eina til tvær vikur hjá öðrum sem telst samt tiltölulega stuttur tími.



Rannsóknir sýna að þriðji hver Breti er móður og másandi eftir að ganga upp einn tröppugang. NORDICPHOTOS/GETTY

Það hafa verið gerðar þó nokkuð margar rannsóknir sem benda á tengslin milli léttari lundar og meiri hreyfingar og þær hafa sýnt fram á að passleg hreyfing er mikilvæg fyrir andlega vellíðan og getur haft jákvæð áhrif á þunglyndi en áhrifin til baka, það er hvaða áhrif það hefur að draga úr hreyfingu hafa minna verið rannsökuð. Samkvæmt rannsókninni hefur það meiri áhrif á konur að hætta að hreyfa sig og þær eru líklegri til að sýna þunglyndiseinkenni. Rannsakendur kalla á fleiri og stærri rannsóknir á þessum tengslum milli minni líkamlegrar hreyfingar og aukinnar andlegrar vanlíðunar og benda á að úrtak þeirra hafi verið frekar smátt.

Þessar niðurstöður benda til þess enn og aftur hversu mikilvæg regluleg hreyfing er fyrir bæði líkama og sál. Það er hins vegar ekki endilega nauðsynlegt að hreyfa sig í langan tíma í senn, rannsóknir gefa skýrt í skyn að stuttar og snarpar æfingar skili sama árangri og lengri. Það er því ástæðulaust að ala með sér streitu yfir því hvar er hægt að koma líkamsrækt og hreyfingu við, sumum gæti jafnvel reynst nóg að hlaupa upp og niður stigana í vinnunni. Könnun sem gerð var í Bretlandi á tvö þúsund þátttakendum sýnir nefnilega fram á að þrír af hverjum tíu fullorðnum verði andstuttir eftir að fara upp einn stiga og það tekur þá að meðaltali 38 sekúndur að ná andanum.

Það má því draga þá ályktun að það að taka stigana frekar en lyftuna geti falið í sér forvörn gegn þunglyndi.

**» Áhrifa þess að draga mikið úr eða hætta líkamsrækt jafnvel alveg gætti hjá sumum nánast um leið og æfingunum var hætt.**




# Blómkál í brauðformi

Blómkál er gott í súpur og gratín en það er líka tilvalið í „brauð“ fyrir þá sem langar að prófa eitthvað annað en hveiti og ger. Hamborgari í blómkálsbrauði og blómkálstortilla er skemmtileg tilraun sem smakkast vel.



Hví ekki að prófa blómkálsbrauð á borgarann í sumar?

## Blómkáls „brauð“ á borgara

- **1 blómkálshaus**
- **2 stór egg**
- **½ bolli parmesanostur, rifinn**
- **1 msk. kornsterkja**
- **Salt**
- **Pipar**
- **1 msk. sesamfræ**

Hitið ofninn í 220 gráður.
Leggið bökunarpappír á plötur.
Hakkið blómkálshausinn í matvinnsluvél, mokið blómkálshakkinu yfir í skál og smellið í örbylgjuofninn í 8 mínútur.
Mokið þá blómkálshakkinu yfir á grisju og kreistið allan vökva úr blómkálshakkinu. Bætið eggjum, parmesanosti og kornsterkju út í hakkið og blandið saman.
Formið klatta á bökunarplötu og bakið við 220 gráður þar til gullið eða í um 25 mínútur.

## Hamborgarar

- **450 g nautahakk**
- **Salt**
- **Pipar**

Mótið hamborgarana og skellið á grillið eða á pönnu. Saltið og piprið.
Berið borgarana fram í blómkálsbrauðinu með grænmeti að eigin vali.

## Blómkálstortillur

- **¾ blómkálshaus**
- **2 stór egg**
- **¼ bolli ferskur kóríander (mætti líka prófa að nota ferska basilíku)**
- **Safi úr ½ límónu**
- **Salt og pipar**

Hitið ofninn í 190 gráður og leggið bökunarpappír á plötu.
Hakkið blómkálið í matvinnsluvél, mokið í skál og eins og í „hamborgarabrauðinu“ á að skella því í örbylgjuofninn. Hitið í 2 mínútur, hrærið þá aðeins í og hitið aftur í 2 mínútur. Kreistið vökvann úr gegnum grisju.
Þeytið eggin í skál og blandið svo út í blómkálshakkið ásamt kóríander eða basilíku, límónusafa og salti og pipar.
Mótið kökur á plötu og bakið í 10 mínútur í ofninum, takið þá plötuna út og snúið kökunum varlega með spaða. Bakið áfram í 5 – 7 mínútur. Látið kökurnar kólna á grind. Hitið pönnu og brúnið hverja köku á pönnunni, um það bil 2 mínútur á hvorri hlið. Pressið kökurnar örlítið niður á pönnuna með spaða svo þær brúnist betur. Kökurnar eru góða einar og sér en tilvalið að nota þær með kjúklingi eða hakki.

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 3. JÚLÍ 2018




# Lexus RX 450L er mættur

Nýkomin á markað er lengri útgáfa Lexus RX jeppans með þriðju sætaröðinni og pláss fyrir 7 farþega. Eins og í styttri gerðinni er hann með 313 hestafla bensín/hybrid drifrás, en nú 11 cm lengri. →6


STUÐ Í ÚTILEGUNNI

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir ýmsar gerðir af ferðatækjum, s.s. hjólhýsi, fellihýsi o.fl. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.






EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

Exide fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.
Sími 515 1100 • pontun@olis.is • olis.is

olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 172194



Camry hefur selst alls í 19 milljón eintökum og fæst í meira en 100 löndum.

# Camry mun leysa af Avensis í Evrópu

Fyrir skömmu tók Toyota þá ákvörun að hætta framleiðslu á Avensis-bíl sínum vegna dræmrar sölu hans. Það hefði sett nokkuð stórt gat í fólksbílaframboð Toyota-bíla í Evrópu. Það bil hyggst Toyota hins vegar fylla með því að bjóða Camry-bíl sinn í staðinn og það í Hybrid-útgáfu. Toyota Camry hefur ekki verið í sölu í Evrópu í 14 ár, en hann hefur hins vegar selst afar vel í Bandaríkjunum og heimalandinu Japan. Núverandi kynslóð Camry er sú áttunda og er tiltölulega ný af nálinni. Þeir Camry-bílar sem seldir verða í Evrópu verða örlítið öðruvísi en í Ameríkuútgáfunni og fá aðra fjöðrun og betri aksturseiginleika. Líklega verða Camry-bílarnir fyrir Evrópu með 2,5 lítra vél auk Hybrid-kerfisins.

### Selst í 700.000 eintökum á ári

Camry Hybrid verður áttunda Hybrid-bílgerðin sem Toyota býður í Evrópu. Toyota Camry er afar mikilvægur bíll fyrir Toyota allt frá því hann var fyrst kynntur árið 1982. Hann hefur selst alls í meira en 19 milljón eintökum og fæst í meira en 100 löndum heimsins. Camry selst í yfir 700.000 eintökum á ári og er hann söluhæsti bíll í sínum flokki í heiminum. Þessi mikla sala mun því væntanlega aukast enn með tilkomu Evrópu sem nýs markaðssvæðis fyrir bílinn góða. Ráðgert er að sala Camry í Evrópu hefjist á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Camry mun einnig verða í sölu hjá Toyota á Íslandi en ekki er ljóst enn hvenær fyrstu bílarnir berast til landsins.

> **»** Toyota Camry hefur ekki verið í sölu í Evrópu í 14 ár, en hann hefur hins vegar selst afar vel í Bandaríkjunum.



Genesis G80 er einn góðra bíla lúxusbílaarms Hyundai.

# Kia, Hyundai og Genesis bilanafríastir

Árleg könnun J.D. Power sem nýlega hefur verið birt sýnir að af einstaka bílamerkjum bila bílar frá Kia, Hyundai og lúxusbílamerki Hyundai, Genesis, minnst allra bíla. Það eru því suðurkóreskir bílaframleiðendur sem stela senunni þessu sinni. Á toppnum reyndist Genesis-merkið með 68 skráðar bilanir á hverja 100 bíla. Kia kemur þar á eftir með 72 og Hyundai með 74. Í fjórða sæti er svo Porsche (79) og Ford í því fimmta (81). Í fyrra var Kia efst á lista J.D. Power en það er huggun harmi gegn að lúxusbílamerki systurframleiðandans Hyundai hafi tekið efsta sætið nú.

### Land Rover með flestar bilanir

Á hinum enda listans er Land Rover með 160 bilanir og talsvert verstu útkoma allra bílaframleiðenda. Næst neðst er svo Jaguar (148) og svo Volvo (122). Meðaltalið hjá öllum framleiðendum var 93 bilanir, sem er 4 lægri tala en á síðasta ári og því virðast bílar heims enn að batna hvað varðar bilanir. Góðar fréttir eru af hinum þremur stóru bandarísku framleiðendum, en þau lækkuðu öll í bilanatíðni, Fiat Chrysler lækkaði um 7 og Ford og GM um 5.

### Porsche 911 bestur allra bílgerða

Könnunin náði einnig til einstakra bílgerða og þar stóð Porsche 911 sig best með aðeins 48 bilanir og hefur einstök bílgerð aldrei fengið lægri tölu í sögu kannana J.D. Power. Þó svo að Mazda hafi aðeins náð 23. sæti meðal bílaframleiðenda varð mest bæting milli ára hjá Mazda, eða um heil 25 stig. Mitsubishi lækkaði um 20, Cadillac og Infinity um 15, Hyundai og Lexus um 14 stig.

# Vinsælustu bílar hvers Evrópulands

## Heimabílar hafa gjarnan vinninginn, en í sex löndum er Skoda Octavia vinsælastur og VW Golf í fimm löndum.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is







Ovtavía er söluhæstur í Tékklandi, Króatíu, Finnlandi, Sviss, Póllandi og Eistlandi.

Á Íslandi hafa Toyota Yaris og Skoda Octavia keppst um efstu sætin á meðal mest seldu bílgerða, en hvaða bílar ætli séu vinsælustu bílgerðirnar í öðrum Evrópulöndum það sem af er liðið ári? JATO Dynamics heldur utan um slíkar tölur og birti þær nýjustu um daginn. Hvað fjölda landa varðar hefur Skoda Octavia vinninginn á meginlandi Evrópu en í sex löndum er hann söluhæstur, það er í heimalandinu Tékklandi, Króatíu, Finnlandi, Sviss, Póllandi og Eistlandi. Volkswagen Golf er vinsælastur í fimm löndum og það kemur ekki á óvart að það skuli vera í Þýskalandi og Austurríki, en einnig í Belgíu, Lettlandi og Lúxemborg. Í Danmörku er Peugeot 208 vinsælastur og Toyota Yaris í Grikklandi. Renault Clio er söluhæstur í Frakklandi, eðlilega, en líka í Portúgal og Slóveníu.

### Heimabílar hafa oftast vinninginn

Suzuki Vitara er hæst á blaði í Ungverjalandi enda framleiddur þar fyrir Evrópumarkað, Nissan Qashqai á Írlandi, Fiat Panda á Ítalíu, Fiat 500 í Litháen og Nissan Leaf í rafbílalandinu Noregi. Ekki kemur á óvart að Dacia Logan sé vinsælastur í heimalandinu Rúmeníu. Smábíllinn Skoda Fabia er vinsælastur í Slóvakíu og heimabíllinn Seat Ibiza á Spáni. Heimabílar eru einnig vinsælastir í Svíþjóð og Bretlandi, það er Volvo XC60 í Svíþjóð og Ford Fiesta í Bretlandi. Það koma því ansi margar bílgerðir til sögunnar hvað varðar að vera vinsælastur í hverju landi, eða alls 16 bílgerðir í 27 löndum. En í þeim löndum þar sem einhver bílaframleiðsla fer fram er nokkuð víst að heimabíll er með vinninginn.

> **»** Í þeim löndum þar sem einhver bílaframleiðsla fer fram er nokkuð víst að heimabíll er með vinninginn.

# Audi RS Q8 fær 670 hestöfl frá Porsche

Audi kynnti sinn fyrsta jeppa með coupé-lagi fyrir ríflega mánuði, þ.e. Audi Q8 jeppann, sem er þó mjög skyldur Q7 jeppanum. Eins og með margar aðrar bílgerðir Audi verður á seinni stigum í boði RS-útgáfa hans og víst er að þar fer enginn aumingi. Heyrst hefur að hann muni fá sömu aflrás og er í Porsche Panamera Turbo S E-Hybrid, en hann er 670 hestöfl. Það myndi gera þennan bíl þann aflmesta sem Audi hefur nokkru sinni framleitt. Bæði Audi og Porsche er í eigu Volkswagen Group svo það þarf aðeins að sækja þessa aflrás yfir lækinn og minnkar í leiðinni þróunarkostnað bílsins.

### Aflmeiri en Lamborghini Urus

Með þessa aflrás verður Audi RS Q8 jeppinn orðinn aflmeiri en Lamborghini Urus jeppinn sem „aðeins“ skartar 641 hestafli. Lamborghini-merkið tilheyrir einnig Volkswagen Group bílasamstæðunni, en það er ekki vaninn að Audi-bílar séu aflmeiri en Lamborghini-bílar í sama stærðarflokki. Audi RS Q8 verður væntanlega ætlað að keppa við jeppa eins og Mercedes Benz AMG GLE 63, BMW X6 M og Range Rover Sport SVR og Audi ætlar greinilega ekki að tapa hestaflakapphlaupinu gegn þessum jeppum. Audi mun líka framleiða aflminni SQ8 bíl með mýkri fjöðrun, minni bremsum og öðrum felgum og dekkjum. Einhver bið er þó eftir Audi RS Q8 jeppanum því líklega kemur hann ekki á markað fyrr en á seinni helmingi næsta árs.



Með þessa aflrás verður Audi RS Q8 orðinn aflmeiri en Lamborghini Urus.

> **»** Mun líklega fá sömu aflrás og er í Porsche Panamera Turbo S E-Hybrid, en hann er 670 hestafla orkubolti.

**VW Tiguan Allspace** Comfortlinle+ 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrifinn / Sjö sæta / Dráttarbeisli

**Besta Hekluverðið 6.990.000 kr.**

Fullt verð: 7.635.000 kr.

Volkswagen

**Afsláttur**

**645.000 kr.**





## Nýr Volkswagen á Besta Hekluverðinu

Nú er góður tími til að fá sér nýjan Volkswagen hjá Heklu því við vitum aldrei hvað svona frábært verð býðst lengi.
**Tryggðu þér Volkswagen á besta Hekluverðinu og aktu inn í sumarið.**

**VW Tiguan Offroad TSI**
Fjórhjóladrifinn / Sjálfskiptur

**Afsláttur**
**800.000 kr.**

**Besta Hekluverðið 4.990.000 kr.**

Fullt verð: 5.790.000 kr.



FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**VW Golf GTE** Tengiltvinnbíll / Sjálfskiptur / **Vistvænn**

**Besta Hekluverðið 4.190.000 kr.**



**VW T-Roc** 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrifinn

**Besta Hekluverðið**
**4.490.000 kr.**



**VW Passat GTE** Tengiltvinnbíll / Sjálfskiptur / **Vistvænn**

**Besta Hekluverðið**
**4.690.000 kr.**



**VW Polo** 1.0 MPI / Bensín / Beinskiptur

**Besta Hekluverðið**
**2.390.000 kr.**



85 H **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála.
Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Kia Niro EV með 450 km drægi

Kia kynnti nýjan Kia Niro EV sem er hreinn rafbíll á bílasýningunni í Busan í Suður-Kóreu. Bíllinn verður formlega frumsýndur á alþjóðlegu bílasýningunni í París í haust en hann mun koma á markað í byrjun næsta árs. Þetta er ný útgáfa af Kia Niro EV sem fæst nú þegar í Hybrid og Plug-in Hybrid útfærslum. Kia Niro EV er með nýjum og tæknivæddum 64 kWh lithium rafhlöðupakka sem skilar bílnum rúmum 200 hestöflum og drægi upp á alls 450 km. Kia Niro EV mun einnig vera fáanlegur í útfærslu þar sem drægið er 300 km og 39,2 kWh lithium rafhlöðu . Sá bíll verður með rafmótor upp á 150 hestöfl. Drægið miðast við bestu hugsanlegu aðstæður samkvæmt upplýsingum frá suður-kóreska bílaframleiðandanum og nýjustu reglur við mælingar á drægi (WLTP). Kia Niro EV er með engan útblástur þannig að um er að ræða bæði afar umhverfisvænan og og hagkvæman bíl. Þetta er annar hreini rafbíllinn sem Kia framleiðir en fyrir er rafbíllinn Kia Soul EV. Kia Niro EV er hannaður í hönnunarstöðvum Kia í Kaliforníu og Namyang í Suður-Kóreu.

### Annar hreini rafmagnsbíll Kia

Kia Niro EV er fyrsti rafbíllinn í Crossover-flokknum. Gott aðgengi er í bílnum þar sem hann er hærri en venjulegur fólksbíll. Ökumaður og farþegar sitja hátt, prýðilegt útsýni er úr bílnum og gott innanrými og skottpláss. „Þetta er mjög spennandi bíll og hans hefur beðið með mikilli eftirvæntingu. Kia Niro EV mun fást bæði með 450 og 300 km drægi þannig að viðskiptavinir geta valið á milli hvor útfærslan hentar betur. Við hjá Öskju erum bjartsýn á að þessi bíll muni njóta vinsælda þegar hann kemur hingað til lands en við munum frumsýna bílinn um næstu áramót. Hann verður að sjálfsögðu með 7 ára ábyrgð eins og allir nýir Kia-bílar,“ segir Þorgeir Pálsson, sölustjóri Kia hjá Bílaumboðinu Öskju. Þorgeir segir að Kia stefni að því að bjóða 16 rafknúna bíla árið 2025. „Þeir munu verða hreinir rafbílar, Hybrid eða Plug-in Hybrid útfærslur. Þá hyggst Kia kynna fyrsta vetnisknúna bíl fyrirtækisins árið 2020. Það er því mikið að gerast hjá Kia um þessar mundir og ljóst að fyrirtækið ætlar sér að vera áfram í fremstu röð er kemur að nýjustu tækni og þróun rafbíla.“



# Sjálfvirkur Land Rover í torfærum

Jaguar Land Rover hefur á undanförnum árum varið miklum fjármunum í þróun tækni sem geri bílum fyrirtækisins kleift að aka sjálfir af miklu öryggi um vegleysur og erfiða slóða til að hámarka drifgetu þar sem beita þarf mismunandi aksturslagi við mismunandi aðstæður. Þróun Cortex-verkefnis Land Rover er í fullum gangi og eru tilraunabílar fyrirtækisins nú þegar færir um að aka sjálfir í mismunandi landslagi og veg- og veðuraðstæðum, svo sem í snjó, drullu, rigningu og þoku. Sjálfvirkni ökubúnaðarins byggist m.a. á 5D-tækni sem inniheldur myndavélar, ratsjá og fjarlægðarnet (LiDAR) sem vinnur í rauntíma auk þess að taka tillit til mismunandi birtustigs, skyggnis, hljóðumhverfis og annara flókinna áhrifavalda í umhverfinu þar sem aðstæður geta verið erfiðar og landslagið margbreytilegt.

Chris Holmes, sem stjórnaði verkefninu hjá Jaguar Land Rover, segir fyrirtækinu mikilvægt að þróa sjálfstýringu sem sé jafn ábyggileg hvort sem ekið er á vegum, hraðbrautum eða í erfiðum torfærum. „Það er í samræmi við þær væntingar og kröfur sem viðskiptavinir gera til Jaguar Land Rover. Í Cortex erum við að vinna með framúrskarandi tæknisérfræðingum, m.a. við háskólann í Birmingham, sem munu gera okkur kleift að uppfylla væntingar okkar um fullkomna hæfni sjálfstýringar í bílum Jaguar Land Rover.“

» JLR segir mikilvægt að þróa sjálfstýringu sem sé jafn ábyggileg hvort sem ekið er á vegum, hraðbrautum eða í erfiðum torfærum.

### Fimm stig ökuaðstoðar

Markmið Jaguar Land Rover er að ökumaður geti valið um fimm mismunandi stig sjálfvirkni, allt eftir því hversu mikla aðstoð ökumaður vill að búnaðurinn veiti. Á stigi 0 er slökkt á ökuaðstoð og ökumaður eingöngu við stjórn bílsins. Ef stillt er á 1 getur ökumaður valið eina tegund aðstoðar, t.d. gagnvirka hraðastillingu. Á stillingu 2 veitir búnaðurinn tvær tegundir aðstoðar, t.d. við hraðastjórnun og stýringu. Á stillingu 3 sér búnaðurinn um aksturinn við skilyrtar aðstæður en ökumaður þarf að vera viðbúinn því að taka skyndilega við stjórn bílsins við erfiðar aðstæður. Stilling 4 gerir ráð fyrir að búnaðurinn sjái alfarið um aksturinn á vegum í dreifbýli og á hraðbrautum. Á stillingu 5 þarf ökumaður ekki að hafa nein afskipti af akstrinum, bíllinn sér alfarið um ökuferðina frá því að lagt er af stað til þess áfangastaðar sem ökumaður hefur valið í kerfinu.




# Hyundai og Audi í vetnissamstarf

## Fyrsta skrefið í samstarfinu er að báðir aðilar veita gagnkvæman aðgang að núverandi tæknilausnum beggja.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Hyundai Motor Group í Suður-Kóreu og Audi AG í Þýskalandi undirrituðu nýlega langtímasamning um sameiginlega vinnu við frekari þróun vetnistækninnar sem orkugjafa í næstu kynslóðum nýrra bíla beggja framleiðenda ásamt Kia, dótturfyrirtækis Hyundai, og Volkswagen, móðurfyrirtæki Audi. Samstarfið tekur í senn til þróunar og framleiðslu á sameiginlegum íhlutum og tæknilausnum og er eitt helsta markmið samningsins að flýta þróun og framleiðslu á mengunarlausum bílum í þágu aukinnar sjálfbærni og umhverfisins.

Fyrsta skrefið í samstarfinu er að báðir samningsaðilar veita gagnkvæman aðgang að núverandi tæknilausnum fyrirtækjanna, þar á meðal þeim sem búa að baki þróun og framleiðslu Hyundai ix35 og Nexo, en enginn bílaframleiðandi hefur jafn langa reynslu af tækninni og Hyundai sem hóf almenna sölu rafknúins vetnisbíls í ársbyrjun 2013. Um 500 rafknúnir vetnisbílar af gerðinni ix35 eru nú í umferð í átján Evrópulöndum, þar á meðal tíu á Íslandi. Hjá Volkswagen AG ber Audi ábyrgð á þróun vetnistækni samstæðunnar og fær fyrirtækið nú þegar fullan aðgang að tæknilausnum og íhlutum Hyundai á vetnissviði.

» Hyundai og Audi hafa þegar sammælst um að leita frekari tækifæra í samstarfi sínu.

### Frekara samstarf í deiglunni

Hyundai Motor Group og Audi hafa þegar sammælst um að leita frekari tækifæra í samstarfi sínu en núverandi samningur kveður á um. Meðal annars er ætlunin að skoða sameiginlega innleiðingu á iðnaðarstöðlum á sviði vetnistækninnar sem hvatt getur til aukinnar nýsköpunar á þessu sviði og þar með frekari þróun og framleiðslu á rafknúnum vetnisbílum sem hagkvæms valkosts á almennum bílamarkaði. Af hálfu Hyundai Motor Group gefur samstarfssamningurinn við Audi fyrirtækinu aukin tækifæri til að styrkja samkeppnishæfni Hyundai enn frekar á tæknisviði rafknúinna vetnisbíla, ekki síst innan dótturfyrirtækisins Hyundai Mobis sem leiðir þróun og framleiðslu íhluta fyrir vetnistæknina fyrir Hyundai og Kia.

# Endursala Hyundai IONIQ heldur sér best

Að mati þýska tímaritsins Auto Bild og markaðs- og greiningarfyrirtækisins Schwacke eru hagkvæmustu rafbílakaupin í Hyundai IONIQ Electric sem hlaut í liðinni viku „virðisverðlaun“ þeirra (Value Champion 2018) annað árið í röð. Í niðurstöðu dómnefndarinnar segir að langtímavirði rafbílsins sé stöðugast í samanburði við aðra rafbíla. Verðlaunin byggja á markaðsverði notaðra bíla á þýska markaðnum sem Auto Bild og Schwacke skipta í þrettán mismunandi flokka. Þetta er í fimmtánda sinn sem fyrirtækin framkvæma greininguna sem byggir á könnun á því hvernig verð bíla, sem að meðaltali er ekið um 10 þúsund kílómetra á ári, þróast á fjórum undanförnum árum. Ioniq Electric hlaut einnig þessi sömu verðlaun í rafbílaflokki á síðasta ári.

### Ioniq í boði með þrenns konar aflrás

Andreas-Christoph Hofmann, framkvæmdastjóri markaðs- og




vörumála Hyundai í Evrópu segir verðlaunin staðfesta gæði rafbílanna hjá Hyundai enda fjölgi viðskiptavinum sem velji Hyundai ár frá ári. Þar er Ioniq engin undantekning. Sífellt fleiri velja einhverja af þremur gerðum Ioniq sem hægt er að velja sem 100% rafbíl, tvinnbíl og tengiltvinnbíl. „Ioniq hefur býr yfir góðum akstursseiginleikum og framúrskarandi hátækni auk þess sem Hyundai býður kaupendum meðal annars fimm ára ótakmarkaða akstursábyrgð, vegaðstoð og árlega ástandsskoðun eigendum að kostnaðarlausu,“ segir Hofmann, sem getur jafnframt átta ára eða 200 þúsund kílómetra akstursábyrgðar á rafhlöðu í Ioniq-bílum sem keyptir hafa verið hjá viðurkenndum söluaðilum Hyundai.




* Ferðalagið um Ísland var alveg meiriháttar, meira að segja veðrið kom mér skemmtilega á óvart.

# Tilboð á bílum í ábyrgð!

Bílaleigubílarnir frá Sixt hafa komið á margar af fallegustu náttúruperlum Íslands, undir stjórn Íslandsvina hvaðanæva að úr heiminum. **Þeir eru því allir mátulega tilkeyrðir og tilbúnir í fleiri ævintýri með þér.**




**Hágæða 55" sjónvarp frá Sony fylgir með í takmarkaðan tíma.**




Tilboð 2.990.000 kr.

**Eldsneyti:** Bensín
**Skipting:** Sjálfskiptur
**Skráningarár:** 4/2017
**Ekinn:** 29.000 km.
**Verð:** ~~3.300.000 kr.~~




Tilboð 3.490.000 kr.

**Eldsneyti:** Dísel
**Skipting:** Sjálfskiptur
**Skráningarár:** 6/2017
**Ekinn:** 22.000 km.
**Verð:** ~~3.800.000 kr.~~




Tilboð 5.190.000 kr.

**Eldsneyti:** Dísel
**Skipting:** Sjálfskiptur
**Skráningarár:** 4/2017
**Ekinn:** 60.000 km.
**Verð:** ~~5.500.000 kr.~~




Tilboð 4.490.000 kr.

**Eldsneyti:** Dísel
**Skipting:** Sjálfskiptur
**Skráningarár:** 4/2017
**Ekinn:** 27.000 km.
**Verð:** ~~4.900.000 kr.~~




Tilboð 1.690.000 kr.

**Eldsneyti:** Bensín
**Skipting:** Beinskiptur
**Skráningarár:** 5/2016
**Ekinn:** 60.000 km.
**Verð:** ~~2.000.000 kr.~~




Tilboð 3.490.000 kr.

**Eldsneyti:** Dísel
**Skipting:** Sjálfskiptur
**Skráningarár:** 5/2017
**Ekinn:** 28.000 km.
**Verð:** ~~3.800.000 kr.~~




Tilboð 2.790.000 kr.

**Eldsneyti:** Dísel
**Skipting:** Sjálfskiptur
**Skráningarár:** 4/2017
**Ekinn:**28.000 km.
**Verð:** ~~3.000.000 kr.~~




Tilboð 2.790.000 kr.

**Eldsneyti:** Dísel
**Skipting:** Sjálfskiptur
**Skráningarár:** 5/2017
**Ekinn:** 29.000 km.
**Verð:** ~~3.000.000 kr.~~




Tilboð 2.990.000 kr.

**Eldsneyti:** Dísel
**Skipting:** Sjálfskiptur
**Skráningarár:** 4/2017
**Ekinn:** 29.000 km.
**Verð:** ~~3.500.000 kr.~~

## Nýlegir notaðir bílar, í ábyrgð og á frábæru tilboði á nýjum stað!

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2035

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 10-18
Laugardaga 12-16

benni.is
**NOTAÐIR BÍLAR**

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## LEXUS RX 450L

- 3,5 LÍTRA BENSÍNVÉL/ HYBRID
- 313 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,9 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 132 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 7,7 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 200 km/klst.
**Verð frá:** 12.080.000 kr.
**Umboð:** Lexus á Íslandi

Kostir:
- Ljúfur akstursbíll
- Innrétting
- Smíðagæði
- Búnaður

Gallar:
- Hávaði frá vél við mikinn snúning
- Verð fyrir vandláta

# Sá ljúfi orðinn lengri og 7 sæta

Nú fæst lengri útgáfa Lexus RX jeppans með þriðju sætaröðinni og pláss fyrir 7 farþega. Hér fer sami ljúfi akstursbíllinn með 313 hestafla bensín/hybrid drifrás, en nú 11 cm lengri og jafn myndarlegur.



Söluhæsta einstaka bílgerð Lexus hér á landi undanfarin er RX jeppinn, enda gæðabíll þar á ferð sem fer einstaklega vel með farþega hans. Lexus RX kom fyrst á markað árið 1998 en er nú af fjórðu kynslóð frá árinu 2015. Lexus hefur þó aldrei fyrr en nú komið fram með lengri gerð hans, enda mikill markaður fyrir slíka bíla nú, ekki síst í Bandaríkjunum, sem er jú stærsti markaðurinn fyrir Lexus í heiminum. Lexus RX 450L er lengri gerð þessa jeppa og var hann kynntur fyrir bílablaðamönnum fyrir skömmu í Zürich í Sviss. Sviss er reyndar einkar hentugur staður til að kynna slíkan lúxusbíl, hvað þá af myndarlegustu gerð hans. Enda átti það að vera mikil lúxusupplifun að kynnast honum í þessari ferð og allur aðbúnaður eftir því. Greinarritari minnist ekki áður slíkrar nálgunar við kynningu á nýjum bíl, en upplifunin átti að vera sem líkust lífi þeirra sem velja sér svona lúxuskerrur og hafa efni á því. Lexus RX 450L er 11 cm lengri en grunngerðin og það þarf eiginlega að rýna vel í bílinn til að greina muninn á bílunum. Þó er nýr niðurhallandi flötur fyrir aftan afturhurð bílsins sem í öllu litavali bílsins er svört, en hann aðgreinir bílinn umfram annað.

### 11 cm lengri og 7 sæta

Lexus RX 450L er fágaður bíll í útliti þó svo hann skarti ögrandi hvössum línum og eftir þessum bíl er meira tekið á götunum en forverum hans af fyrri kynslóðum. Hann hefur þó ávallt selst vel, eða til dagsins í dag í meira en 2,7 milljónum eintaka, enda er þessi bíll, sem og flestir aðrir Lexus-bílar, þekktur fyrir að bila lítið og vera afar þægilegur bíll. Aðalástæðan fyrir framleiðslu Lexus RX 450L er náttúrulega sú að nú má koma fyrir þriðju sætaröðinni í bílnum, en eftirspurn eftir slíkum bílum er mikil vestanhafs og reyndar víðar. Sætin í þriðju sætaröð eru reyndar merkilega góð, þó svo þau séu mest hugsuð fyrir yngri meðlimi fjölskyldunnar eða fótboltafélaga þeirra. Jafn mikil fágun er í smíði og útliti öftustu sætanna þó svo þau séu með styttri setu en í miðröðinni. Önnur sætaröðin er á sleða og má færa hana fram eða aftur um heila 15 sentimetra, meira en í nokkrum öðrum 7 sæta bíl. Á milli tveggja sætanna aftast er mikið bil og þar má finna myndarlega glasahaldara. Að auki má sérstilla miðstöðina fyrir öftustu sætaröðina. Rúsínan í pylsuenda lúxussins í þessum bíl.

### Sami vélbúnaður og í grunngerðinni

Sami vélbúnaður er í Lexus LX 450L og í grunngerðinni, eða 3,5 lítra V6 bensínvél sem skilar 313 hestöflum til allra hjóla bílsins. Þarna fer nokkuð rösk vél en það þarf líka fyrir þennan 2,2 tonna bíl. Fyrir vikið er hann ekki ofuröflugur en upptakið er samt fínt. Þegar vélin er þanin ber þó nokkuð á hávaða frá henni, en búast má við



Næmt auga þarf til að greina á milli lengri gerðarinnar og þeirrar styttri. Sætin falla alveg flöt niður í gólfið ef nýta á flutningsrýmið. Bíllinn er gullfallegur að innan og troðinn nýjustu tækni. Ekki væsir um ökumann með þessa líka fegurð fyrir framan sig og ekki skaðar ljúfur aksturinn.





**Sami vélbúnaður er í Lexus LX 450L og í grunngerðinni, eða 3,5 lítra V6 bensínvél sem skilar 313 hestöflum til allra hjóla bílsins.**




Þessi bíll er fremur hugsaður sem draumatæki sem líður áfram eins og hugur manns.

því að flestir eigendur hans stundi það ekki í miklum mæli. Þessi bíll er fremur hugsaður sem draumatæki sem líður áfram eins og hugur manns og þannig er hann sannarlega. Það er talsverður unaður að aka bílnum og hann fer svo vel með alla farþega að leit er að betra. Fjöðrunin er þægilega stillt og ekki hugsuð mest til glannaaksturs heldur ómótstæðilegra þæginda. Þannig er þessi bíll allur, ómótstæðilega þægilegur. Ekki sakar að uppgefin eyðsla hans er 5,9 lítrar, enda hjálpar Hybrid-kerfi bílsins þar mikið og 132 g/km mengunartala tryggir líka að bíllinn fer ekki í of háan vörugjaldsflokk og er því á viðráðanlegu verði.

### Fimm akstursstillingar

Líkt og í grunngerð RX eru 5 mismunandi aksturstillingar, Eco mode fyrir sparakstur, Normal mode fyrir þægilegan akstur en einnig lága eyðslu, Sport mode fyrir örlítið grimmari akstur, Sport S fyrir enn grimmari akstur, stífari fjöðrun og hærri snúning vélar og Sport S+ fyrir mikil átök, breytta stýringu og enn harðari fjöðrun. Með þessum stillingum ætti bíllinn að geta þjónað þörfum flestra. Eftirtektarvert er hve bíllinn er hljóðlátur og hefur Lexus gert einkar vel í að einangra bílinn. Lexus hefur einnig hugsað vel til allra öryggisþátta með Lexus Safety System +, en í því felst allrahanda aðstoðarkerfi sem auðveldar ökumönnum aksturinn og of langt mál er að telja hér upp. Lexus RX 450L hefur fengið 5 stjörnur hjá Euro NCAP og sannar það gæði kerfanna. Bíllinn kemur með 12 hátalara hljóðkerfi frá Pioneer, en einnig má sérpanta Mark Levinson frábært 15 hátalara kerfi í bílinn og þá er hann eins og tónleikahöll. Ekki munar stórvægilega á verði þessarar lengri gerðar og grunngerðar bílsins, eða 690.000 kr. og fylgir glerþak að auki. Margir munu fagna þessari lengri gerð RX jeppans með 7 sætum, þar fer gæðabíll með aukna notkunarmöguleika.





# Renault margfaldar fjárfestingar í rafbílum

Öll meginstarfsemi þróunar og framleiðslu rafbíla Renault Group verður efld í Frakklandi þar sem samsteypan hyggst fjárfesta fyrir meira en einn milljarð evra á næstu árum í samræmi við áætlun fyrirtækisins, „Drive The Future“. Að auki hyggst fyrirtækið efla kynningu á rafbílum með opnun sérstakra sýningar- og fræðslusala í borgum víða í Evrópu. Nú þegar hafa slíkir salir verið opnaðir í Stokkhólmi og Berlín. Fjórar verksmiðjur Renault Group gegna meginhlutverki í áætlunum Renault. Þannig verður nýr undirvagn fyrir samsteypuna, þar með talið Nissan og Mitsubishi, þróaður og framleiddur í verksmiðju fyrirtækisins í Douai. Í Flins verður framleiðslugetan á ZOE tvöfölduð frá því sem nú er, í Cleon verður framleiðsla rafmótora þreföld og ný kynslóð mótors þróuð og kynnt á næstunni. Þá verður enn fremur fjárfest umtalsvert í Maubeuge þar sem ný kynslóð Kangoos-sendibílsins verður þróuð og framleidd, það á meðal rafknúna útgáfa bílsins, mest selda rafknúna sendibíls Evrópu.

## Fimm þúsund ný störf

Að sögn Carlos Ghosn, stjórnarformanns og forstjóra Renault, er áætlunin í samræmi við markmið fyrirtækisins að styðja dyggilega við bakið á iðnaðarframleiðslu Frakklands og tryggja áfram samkeppnishæfni og forskot Renault og samsteypunnar í heild á rafbílamarkaði þar sem vöxtur er stöðugur og vaxandi. Renault gerir ráð fyrir að ráða fimm þúsund nýja starfsmenn á árabilinu 2017-2019 og verja um 235 milljónum evra til starfsþjálfunar á sama tíma. Sala Renault á rafbílum jókst um 38% í Evrópu á síðasta ári þar sem sala á ZOE jókst um 44%. Markaðshlutdeild ZOE á evrópskum rafbílamarkaði er um 24% um þessar mundir og hefur hann verið mest seldi rafbíll Evrópu undanfarin fjögur ár. Að jafnaði er fimmti hver seldur rafbíll í Evrópu frá Renault.

**» Renault ráðgerir að ráða 5.000 nýja starfsmenn á árabilinu 2017-2019 og verja um 235 milljónum evra til starfsþjálfunar á sama tíma.**

## Fræða almenning

Sýningar- og fræðslusalur um rafbíla og eiginleika þeirra var opnaður í vikunni í Berlín, en sambærilegur salur var opnaður í febrúar í Stokkhólmi. Hlutverk salanna er að fræða almenning um rafbíla, framleiðslu þeirra og kosti sem samgöngutækis ásamt því sem mismunandi hleðslustöðvum eru gerð ítarleg skil í kynningarstarfinu. Að sjálfsögðu eru svo reynsluakstursbílar til taks á staðnum sem áhugasamir gestir geta prófað í bíltúr um nágrennið.



# Ökumannslausir Jaguar I-Pace notaðir í samgöngutækni Waymo

Jaguar hefur gert samstarfssamning við Waymo um þróun sjálfstýringar í rafknúna lúxussportjeppann Jaguar I-Pace sem Waymo hyggst nota í ökumannslausum almenningssamgöngum. Á næstu árum hyggst Waymo taka í notkun allt að 20.000 sjálfstýrða I-Pace sem jafnframt verða fyrstu rafknúnu lúxusbílarnir í almenningssamgöngum. Gert er ráð fyrir að þjónustan hefjist í Phoenix í Bandaríkjunum í árslok. Prófanir á sjálfstýringarbúnaði I-Pace eru hafnar og er markmiðið að árið 2020 verði um 2.000 bíla floti I-Pace án ökumanns kominn í fulla notkun undir merki þjónustu Waymo sem viðskiptavinir kalla eftir með símaappi.

## Milljón ferðir á dag

Áætlað er að samanlagt fari bílarnir um eina milljón ferða á dag. Markmið samstarfsverkefnisins er jafnframt að þróa í sameiningu öruggari bíla fyrir almenna umferð og auka lífsgæði fólks með því að bjóða aðgang að þjónustu sem þessari. Aðstoðarforstjóri Jaguar Land Rover, Ralf Speth, segir að I-Pace sé einstakur bíll í sínum flokki sem á skömmum tíma hafi heillað bílkaupendur um allan heim. „Besta leið okkar að því markmiði að gera bílasamgöngur enn öruggari og afslappaðri krefst samstarfs við bestu tæknisérfræðingana á þessu sviði. Samstarfið við Waymo gerir okkur kleift að flýta þróuninni og teygja á mörkum þess mögulega á tæknisviðinu. Afurð samvinnunnar verður fallegur mengunarlaus sjálfstýrður Waymo Jaguar I-Pace með munaði og rými sem viðskiptavinir okkar þekkja og gera kröfu um,“ segir Speth.

## Waymo með sérstöðu

Waymo byggir á tækni Google og er sem stendur eina fyrirtækið í heiminum sem á bílaflota sem er heimiluð almenn umferð án ökumanns við stýrið. Bílum fyrirtækisins hefur þegar verið ekið um fimm milljónir kílómetra í 25 borgum Bandaríkjanna og fyrir árslok verður byrjað að bjóða upp á almenna ökuþjónustu í Phoenix án ökumanns. Borgin verður sú fyrsta þar sem almenningur getur nýtt sér daglega samgönguþjónustu Waymo, hvort sem er til eða frá vinnu, skóla, íþróttaæfingu eða í öðrum erindagjörðum í borginni.



Valgarði fórst það vel úr hendi að aka gamla bílnum yfir á hægri vegarhelming þó að bíllinn væri kenjóttur eins og gamalla bíla er siður. Valgarður er 94 ára gamall og er enn með gilt ökuskírteini.

# Fékk að fara í sparifötin á afmælisdaginn

Valgarð Briem og Plymouth Valiant árgerð 1967 hittust aftur eftir nærri hálfrar aldar fjarveru.



Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

Það var árla morguns 26. maí 1968 sem dagurinn hafði verið ákveðinn. Fyrsti bíllinn myndi þá skipta formlega yfir á hægri akrein fyrir framan Útvarpshúsið við Skúlagötu, enda hentaði gatan vel til slíks enda breið með akreinaskiptingu. Talsvert hafði safnast af bílum fyrir stundina og kl. 5.50 höfðu þeir allir stillt sér upp við gangstéttirnar. Við skulum grípa stuttlega niður í viðtal í Morgunblaðinu við Valgarð Briem, eiganda Plymouth Valiant bílsins sem aka myndi fyrstur yfir á hægri vegarhelming.

„Ég ók fyrst bifreið minni frá vinstri kanti yfir á hinn hægri á Skúlagötu kl. 5.55 í morgun. Ég ók síðan Skúlagötu suður Snorrabraut að Miklatorgi og síðan til baka niður á Hverfisgötu og austur úr. Mér fundust viðbrigðin mest á Hverfisgötunni á kaflanum austan Snorrabrautar. Þar fannst mér sem ég kominn í aðra borg. Kemur þar hvorttveggja til, miklar breytingar á gatnakerfinu og svo að sjálfsögðu aksturinn.“

Fimm áratugum síðar var komið að þeirri stund að Valiantinn og Valgarð myndu hittast aftur, og þá til að endurtaka leikinn.

## Staðfestu báðir söluferlið

Sá sem hefur haft umráð með bílnum undanfarin misseri er Njáll Gunnlaugsson ökukennari sem keypti hann fyrir fimm árum er hann var auglýstur til sölu á netinu. „Enginn virtist vilja hann

**» Þótt bíllinn sé ekki uppgerður var farið í það verkefni að láta sprauta hann fyrir afmælið. „Okkur fannst ekki annað hægt en að bíllinn færi í sparifötin á afmælisárinu.“**

þá, líklega út af því að lakkið var ljótt og liturinn ekki skárri, sægrænn litur sem var orðinn mattur af langri veru utandyra. Bíllinn er þó furðu lítið ryðgaður sem hefur líklega talsvert með það að gera að hann hefur verið í saltlausu umhverfi fyrir norðan, mestmegnis í Mývatnssveit mestalla sína lífstíð,“ sagði Njáll um hvernig bíllinn komst í hans hendur.

Þegar Njáll keypti bílinn vildi hann fá það staðfest að um rétta bílinn væri að ræða. Samkvæmt skrám Samgöngustofu var bíllinn fyrst skráður á Jóhannes Steingrímsson á Mývatni 1976 og voru það elstu skráningarupplýsingarnar. „Ég hringdi í Jósa og ræddi við hann um bílinn og sagði hann mér meðal annars að hann hefði ekki hitt Valgarð Briem sjálfan þegar hann keypti bílinn því að tengdasonur hans hefði séð um söluna. Eins sagði hann mér að bíllinn hefði farið í málningu til Akureyrar og þá hefði átt að sprauta hann í sama lit, en fyrir mistök var hann sprautaður með þessum græna lit sem einnig er Plymouth litur. Þegar ég ræddi síðan við Valgarð um bílinn mundi hann vel eftir honum en sagðist ekki hafa átt hann lengi, líklega selt hann upp úr 1970. Hann sagði mér hins vegar óspurður að tengdasonur hans hefði séð um að selja bílinn fyrir sig og þá þurfti ég ekki lengur vitnanna við. Þetta hlaut að vera sami bíllinn.“

## Mun fara í alvöru uppgerð á næstunni

Þótt bíllinn sé ekki uppgerður var farið í það verkefni að láta að sprauta hann fyrir afmælið. „Okkur fannst ekki annað hægt en að bíllinn færi í sparifötin á afmælisárinu. Bíllinn er vel uppgerðarhæfur og er lítið ryðgaður þótt skipta þurfi út botnplötum í bílnum. Við pússuðum hann niður að mestu og síðan tóku Utley-bræður í Rétt Sprautun við honum og spörtsluðu og sprautuðu hann í þessum lit. Kunnum við þeim miklar þakkir fyrir hjálpina.“

Því miður er upprunalega vélin ekki lengur til en hún mun hafa frostsprungið. Núna er önnur og stærri Slant-Six vél í honum úr Dodge Aries en sá sem setti hana í og gerði bílinn ökuhæfan fyrir átta árum hét Ingólfur Wendel Birgisson, en hann er nú látinn. Sá sem seldi Njáli bílinn heitir Páll Hjaltalín og sá sem á bílinn í félagi við Njál um þessar mundir er Sigurjón Andersen, maðurinn með Mopar-hjartað. Það stendur til að gera bílinn upp frá A-Ö á næstunni. „Við munum þó leyfa honum að spóka sig aðeins um á afmælisárinu áður en það gerist,“ sagði Njáll að lokum.




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.JEEP.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. ÁGÚST

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**

**AUDI A7 SPORTBACK**

- **3,0 LÍTRA DÍSILVÉL**
- **286 HESTÖFL**
- **FJÓRHJÓLADRIF**

**Eyðsla:** 5,7 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 142 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 5,7 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 250 km/klst.
**Verð frá:** 9.790.000 kr.
**Umboð:** Hekla

- Ytra og innra útlit
- Vélbúnaður
- Akstursgeta
- Verð

- Sjálfskipting með dísilvél
- Harður á 20 tommu felgum

# Fegurð og akstursfæfni

Önnur kynslóð Audi A7 Sportback er mætt á Klakann og þar fer bíllinn hlaðinn nýjasta tæknibúnaði Audi. Þessi bíll er með þeim akstursfæfari og fæst í fyrstu með öflugum 3,0 lítra dísil- og bensínvélum.

**Reynsluakstur**
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Audi A7 kom fyrst á markað árið 2010 og fyrir stuttu kom önnur kynslóð bílsins fram á sjónarsviðið. Reyndar fékk fyrsta kynslóðin andlitslyftingu árið 2015, en þar voru engar stórvægilegar útlitsbreytingar á ferð. Audi A7 Sportback er í raun systurbíll A8 limósínunnar, en með coupé-lagi. Báðir eru þeir gullfallegir eðalbílar og stærstu fólksbílar sem Audi framleiðir og flaggskip þeirra. Margir bílar með þessu afturhallandi coupé-lagi eru tveggja dyra sportbílar, en A7 er stór bíll og þess vegna fjögurra dyra og með mjög góðu plássi fyrir aftursætisfarþega, sem reyndar hefur aukist talsvert frá fyrri kynslóð. Skottrýmið er líka miklu stærra en almennt í coupé-bílum, eða 535 lítrar, og þar má hæglega koma fyrir tveimur risastórum golfsettum. Með aftursætisbökin niðri er flutningsgetan 1.390 lítrar og þá mætti næstum taka með sér búslóðina. Almennt er rými í bílnum mikið og gríðarvel fer um alla farþega.

## Háskerpuskjáir og takkaleysi

Líklega er mesta breytingin á milli kynslóða fólgin í innréttingunni og þá helst mælaborðinu. Tveir 10,1 og 8,6 tommu MMI High háskerpuskjáir eru miðjusettir hver ofan á öðrum í mælaborðinu og þeir leysa í raun af alla þörf fyrir takka, enda eru þeir vart til nema í stýri bílsins. Afar framúrstefnulegt, en ekki síður fallegt. Annað væri reyndar skrítið er kemur að innréttingum í Audi-bílum sem þekktar eru fyrir fegurð sem fáir slá við, nema þá helst Porsche. Það er mikil fágun í innréttingunni, en hvað svo sem annað í þessu flaggskipi? Þriðji stafræni skjárinn er svo beint fyrir framan ökumann og þar er þægilegt að hafa leiðsögukerfið eða aðrar akstursupplýsingar. Þessi klassi innréttingar og þessi bíll almennt er það sem margir kalla forstjórabíll og gæti líka hentað þjóðhöfðingjum, þó svo Audi A8 sé reyndar oftar valinn sem slíkur. Sætin í bílnum eru geggjuð og það sem gladdi greinarritara er að í setunni fram í er alcantara-áklæði, sem með viðnámi sínu neglir ökumann í sætin, þó svo sætin séu að mestu leðurklædd.

## Gríðaröflug dísilvél

Audi A7 má í fyrstu fá með 3,0 lítra og 340 hestafla TFSI-bensínvél og 3,0 lítra og 286 hestafla TDI-dísilvél og þannig var reynsluakstursbíllinn. Þessi öfluga dísilvél togar heil ósköp, eða 620 Nm, og gerir þennan stóra bíl að sannkölluðum sportbíl sem tekur sprettinn í hundraðið á 5,7 sekúndum, en bensínútgáfan er reyndar 0,4 sekúndum sneggri. Það er þó til vitnis um það hve dísilvélar nútímans eru orðnar öflugar og togmiklar að svo litlu munar á upptöku þessara 3,0 lítra véla. Vélin er fjári skemmtileg en hún þjáist reyndar af ekki alltof góðri 8 gíra sjálfskiptingu sem stundum veit ekki alveg í hvaða gír hún á að vera og er á stundum of sein að skipta sér. Þó svo ég hafi ekki reynt bensínútgáfuna hef ég heyrt að með henni fari skemmtilegri skipting. Þessir hnökrar skiptingarinnar í dísilbílnum koma þó ekki í veg fyrir að gríðargaman er að keyra bílinn, maður gerir bara svo miklar kröfur þegar kemur að Audi-bílum. Það er hreint geggjað að keyra þennan bíl og snarpur er hann þegar hægri fætinum er beitt. Fjöðrunin er frábær og hann liggur eins og klessa. Það voru 20 tommu felgur undir reynsluakstursbílnum og það gerir hann nokkuð harðan því ekki rúmast mikill barði utan um svo mikið ál. Ef til vill væru 19 tommu felgur þægilegri.









**Mesta breytingin á milli kynslóða er fólgin í innréttingunni og þá helst mælaborðinu.**

## Báðar útgáfur undir 10 milljónum

Það kemur ef til vill mörgum á óvart að bæði dísil- og bensínútgáfan kosta undir 10 milljónum króna í grunnútgáfu, þ.e. bensínbíllinn er á 9.900.000 kr. og dísilbíllinn á 9.790.000 kr. Reyndar var reynsluakstursbíllinn svo vel búinn og hlaðinn aukabúnaði að hann er kominn í 14.770.000 kr. og því fór þar hrikalegur lúxusbíll sem ekki var leiðinlegur ferðafélagi í reynsluakstrinum.

Á tímum þar sem flestir velja sér enn dýrari lúxusjeppa sem sjaldan sjá malarveg má spyrja sig af hverju fleiri efnaðir bílkaupendur hér á landi velja sér ekki frekar miklu akstursfæfari bíla sem þennan. Það myndi greinarritari sannarlega gera og eiga svo gamla jeppadruslu að auki sem þjösnast má um á hálendinu án áhyggja um að skemma dýran bíl við jaskið.

Audi A7 er gullfallegur bíll sem tekið er eftir og finnst líklega flestum hann fallegri en A8 systurbíllinn, að minnsta kosti er hann sportlegri útlits. Hér fer enn einn fagur gripurinn frá Audi sem rétt er að benda þeim á sem kjósa afar akstursfæfa bíla.




# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur  er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

**KRÓKUR**
*á þinni leið*

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

# BÍLAR



Jeep Wrangler Renegade.

## 53% kaupenda í Bandaríkjunum er sama hvar bíllinn er smíðaður

Svo virðist sem bandarískum bílkaupendum sé slétt sama hvar nýi bíllinn þeirra sé smíðaður. Það rímar ekki sérlega vel við stefnu Donalds Trump sem leggur mikla áherslu á að bílar þeir sem seldir eru þarlendis séu smíðaðir þar og hefur hann ýjað að verndartollum á innflutta bíla. Aðeins 39% aðspurðra í könnun þar sem hugur Bandaríkjamanna var kannaður til þessa þáttar fannst skipta máli að bílar væru smíðaðir innanlands, en 8% voru óákveðin hvað þetta varðar. Könnunin tók einnig til skoðana fólks á því hvort fólk gæti hugsað sér að kaupa bíla sem smíðaðir eru í Kína. Ein 49% aðspurðra sögðu að það hefði engin áhrif á kauphegðun þeirra þó svo bíllinn væri smíðaður þar. Sögðu 30% að það hefði hamlandi áhrif og 21% voru óviss. Smíðagæði kínverskra bíla voru megináhyggjur aðspurðra. Einnig kom í ljós að 49% aðspurðra höfðu ekki hugmynd um að bílar frá Volvo, Ford, Buick og Cadillac sem eru til sölu í Bandaríkjunum væru smíðaðir í Kína. Það hefur því komið í ljós að þó svo mikil umræða sé í fjölmiðlum vestanhafs um mikilvægi innlendrar framleiðslu bíla þá stendur viðskiptavinum á sama um hvar nýir bílar sem til greina kemur að kaupa eru smíðaðir.



Fyrra metið var líka í eigu Porsche og fór þar Porsche 956 C árið 1983.

## Porsche 919 fór Nürburgring á 5:19

Metið á hinni frægu 20 km löngu Nürburgring-akstursbraut var bætt um 52 sekúndur í síðustu viku þegar Porsche 919 Hybrid Evo fór brautina á 5 mínútum og 19,55 sekúndum. Fyrra metið var líka í eigu Porsche og fór þar Porsche 956 C keppnisbíll árið 1983 og var tími hans þá 6:11,13. Porsche segir að gera megi miklu betur á 919 Hybrid Evo bílnum og fara megi talsvert undir 5 mínútur og hafa þeir reiknað út að gerlegt ætti að vera fyrir þennan bíl að ná eins snöggum tíma og 4:51. Það mun Porsche reyna að gera á næstunni og verður fróðlegt að fylgjast með hvort þessi magnaði bíll nái þeim geggjaða tíma.

## Volkswagen sló metið upp Pike Peak

Seint í síðasta mánuði var hin árlega klifurkeppni upp Pikes Peak fjallið haldin í Colorado og þar sló I.D. R bíll Volkswagen metið upp fjallið. Leiðin upp Pikes Peak er 20 kílómetra löng, hækkunin nemur 1.524 metrum og beygjurnar á leiðinni eru 156 talsins. Tími ökumannsins Romains Dumas á Volkswagen-bílnum var 7 mínútur og 57,15 skekúndur og var þetta fyrsta sinni sem einhver hefur komist á toppinn á undir 8 mínútum. Sebastian Loeb átti fyrra metið, 8:13,88 og var það sett á mikið breyttum Peugeot 208 árið 2013. Romain Dumas þurfti að glíma við þoku og blautan veg á miðri leiðinni upp fjallið og það varð til þess að hann bætti ekki metið enn hressilegar. I.D. R bíllinn frá Volkswagen er eingöngu rafdrifinn og bætti Dumas metið fyrir rafmagnsbíla um rétt um eina mínútu, en það stóð í 8 mínútum og 57,12 sekúndum. Það er tákn nýrra tíma að metið upp Pikes Peak sé nú sett á rafmagnsbíl og tekið af bíl með brunavél.



Romain Dumas á leið upp Pikes Peak fjallið í Colorado.




FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is


































ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

# 30-80%

afsláttur af **öllum útsöluvörum**

# ÚTSALA

Skoðaðu úrvalið á **www.zikzakverslun.is**



**BOLUR**
**4.990kr**
st.S-XXL



**SKYRTA**
**7.990kr**
st.S-XXL



**BOLUR**
**2.990kr**
st.S-XXL




**ÚLPA**
**12.990kr**
st.S-XXL

Tískuhús Zik Zak    www.zikzakverslun.is    Kringlan 551-1314    Glerártorg 559-1314

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝR BÍLL**
VW Golf 1.6 Dísel Comfortline. Árgerð 2018, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.690.000. Rnr.136950.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

### Bílar til sölu



**TOYOTA HIACE 4X4, 2010**
Ek. 114 þús km. Dráttabeisli, Webasto, hiti í sætum, bakkmyndavél. Mjög heillegur, verð kr 1500 þús + vsk. S:897 3015 eða jb@isfar.is.

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir — Kraftmiklir
Fyrirferðalitlir — Sparneytnir
Hljóðlátir — 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

GEIRSVERK
Almenn Lóðavinna
S: 691 7515

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU ÚTI.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

### Húsaviðhald

**VIÐGERÐIR - ÚTBOÐ**
Víkurás 2-4 húsféleg óskar eftir tilboðum í utanhússviðgerðir sem eru innán við 3.1 m frá jörð. Helstu magntölur eru: múrbrot 0.4 m3, múrviðgerðir 23 stk (samtals um 0.4 m3), sprunguviðgerðir 55m, háþrýsiþvottur og málun 198m2.
**Útboðsgögn eru ofan á póstkössum í anddyri Víkuráss 4. Uppl. í s. 868 1085**

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

MAX
JÁRNABINDIVÉLAR
BINDIVÍR
FJARLÆGÐAPLAST
A-STÓLAR
NAGLAR
BINDIVÍR
bindivir.is
Sími 857 7060

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

MITSUBISHI
# OUTLANDER
PHEV Hybrid Instyle
Nýjir bílar árgerð 2018

VERÐ
**4.990**
ÞÚSUND



**Hlaðnir**
aukabúnaði

- Leðursæti
- 360 gráðu myndavélakerfi
- Akreinavari
- Árekstrarvari
- Leiðsögukerfi
- Rafdrifin afturhleri
- Blindhornsviðvörun
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- og margt fleira...

Bílar á staðnum
**Komið** og reynsluakið

Bílar í ábyrgð - Allt að 90% fjármögnun - Til í ýmsum litum - Skoðum með uppítöku á öllum gerðum bifreiða

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Ódýr íbúð til sölu/leigu á Skagaströnd. Uppl. S: 847 8446

### Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar






Útvegum starfsmenn

## TIL FJÖLBREYTTRA STARFA UM LENGRI EÐA SKEMMRI TÍMA

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta

**551 5000**

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

---

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Grafningsvegur og efnistaka við Stangarháls**
- **Jarðhitagarður við Hellisheiðarvirkjun**
- **Stólalyfta í Hlíðarfjalli, Akureyri**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **7. ágúst 2018.**

---

## Innköllun hlutabréfa

Stjórn Securitas hf., kt. 640388-2699 („Securitas“), gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 2. mgr. 6. gr. í samþykktum félagsins hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. Rafræn skráning tekur gildi mánudaginn 24. september 2018 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma eru hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu ógild í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum, og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.

Nánar tiltekið verða öll hlutabréf Securitas tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudagsetningar er getið á hverju bréfi. Að lokinni rafrænni skráningu verður nafnverð hvers hlutar ákveðið 1 -ein- króna eða margfeldi þar af.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Securitas að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hlutaskrár Securitas, Skeifunni 8, 108 Reykjavík á netfangið securitas@securitas.is. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar í Lögbirtingablaði. Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.

Stjórn Securitas hefur ákveðið að eftir að innköllunarfrestur er liðinn og rafræn skráning á ofangreindum hlutabréfum hefur átt sér stað í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. skuli arðgreiðslur til hluthafa einungis fara fram í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., sbr. heimild í 4. tölul. 54. gr. reglugerðar nr. 397/2000.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

*Reykjavík, 21. júní 2018.*
*Stjórn Securitas hf.*

---



Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

**HAGVANGUR**

www.hagvangur.is

# Höfum tekið miklum framförum í þessari undankeppni

**KÖRFUBOLTI** Craig Pedersen, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í körfubolta, var skiljanlega afar svekktur þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í gærkvöldi. Tap gegn heimamönnum gerði út um vonir Íslands á að komast á HM

„Augljóslega eru allir afar svekktir en við gerðum margt jákvætt í dag, fengum mörg góð skot en náðum ekki að refsa þeim þegar færi gáfust. Við lokuðum oft vel á þá og komumst yfir en þeir hittu vel. Við hefðum þurft að nýta okkar færi til að geta unnið lið af þessum styrkleika.“

Hann segir að liðið hafi liðið fyrir skort á reynslu á lokaleikhlutanum en Ísland lék án Jóns Arnórs Stefánssonar og Pavels Ermolinskij í þessum leikjum.

„Við vorum inni í báðum leikjunum í fjórða leikhluta en á lokasprettinum hrundi leikur okkar. Það sást í febrúar hvað leikmenn eins og Jón Arnór og Pavel gera fyrir þetta lið. Jón er auðvitað, líkt og Pavel, frábær varnarmaður en hann tekur pressu af Martini í sóknarleiknum,“ segir Craig sem er ánægður með framlag Jóns Axels Guðmundssonar sem fékk í fyrsta sinn stórt hlutverk í keppnisleik.

„Hann er stór og sterkur af bakverði að vera sem gerir okkur auðveldara fyrir í vörn, hann kann að spila gegn stærri leikmönnum ásamt því að vera góður sóknarmaður.“

Craig segir að hann sé strax farinn að hugsa að því komast á Eurobasket 2021.

„Ég er með samning hjá KKÍ og er afar metnaðargjarn fyrir þennan hóp sem er að koma upp hjá landsliðinu. Við vorum með augastað á EuroBasket 2021 og höfum tekið miklum framförum sem sést kannski ekki endilega á stigatöflunni. Það er margt sem má bæta og við munum vinna í því að bæta okkur.“ – **kpt**



> **Við gerðum margt jákvætt í dag en við náðum ekki að refsa þeim þegar færi gáfust.**
>
> Craig Pedersen, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í körfubolta

## LeBron í Lakers

**KÖRFUBOLTI** Það urðu risatíðindi í NBA-deildinni í gær þegar LeBron James, einn af bestu körfuboltamönnum allra tíma, tilkynnti að hann hefði samþykkt tilboð Los Angeles Lakers um að leika með liðinu. Mun hann skrifa undir samning upp á 153 milljónir dollara til fjögurra ára en hann verður 37 ára þegar samningurinn rennur út.

James sem hefur leikið með Cleveland Cavaliers stærstan hluta ferilsins var samningslaus og gat því rætt við öll lið deildarinnar.

Lék hann í fjögur ár með Miami Heat áður en hann sneri aftur á heimaslóðir og var hluti af fyrsta meistaraliði Cleveland-borgar í 52 ár fyrir tveimur árum. Hefur hann alls unnið þrjá meistaratitla í NBA-deildinni og fjórum sinnum verið valinn besti leikmaður deildarinnar (e. MVP), síðast árið 2013.

Er honum ætlað að koma Los Angeles Lakers aftur í fremstu röð en þetta sögufræga félag hefur ekki komist í úrslitakeppnina í fimm ár.

Vinna forráðamenn Lakers hörðum höndum að því að bæta við stjörnum á borð við Kawhi Leonard og DeMarcus Cousins til að tefla fram liði sem getur keppt við þrefalda meistara Golden State Warriors. – **kpt**



**Sokratis lék 198 leiki fyrir Dortmund á fimm árum.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Sokratis til liðs við Skytturnar

**FÓTBOLTI** Gríski landsliðsmiðvörðurinn Sokratis Papastathopoulos skrifaði í gær undir langtímasamning hjá Arsenal á Englandi. Kemur hann til Arsenal frá þýska félaginu Borussia Dortmund en talið er að Arsenal greiði um sautján milljónir punda fyrir Sokratis.

Var hann á mála hjá Dortmund í fimm ár eftir að hafa áður leikið með Werder Bremen, AC Milan, Genoa og AEK frá Aþenu. Vann hann eina titil sinn hjá félaginu í fyrra þegar Dortmund varð bikarmeistari. Hittir hann fyrir tvo fyrrum liðsfélaga sína frá Dortmund í London en Pierre-Emerick Aubameyang og Henrikh Mkhitaryan eru á mála hjá Skyttunum.

Hann er þriðji leikmaðurinn sem hinn spænski Unai Emery fær til Arsenal eftir að hafa tekið við í sumar en ásamt Sokratis eru Bernand Leno og Stephan Lichtsteiner búnir að skrifa undir hjá Arsenal. – **kpt**



FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
3. JÚLÍ 2018 ÞRIÐJUDAGUR



†

Bróðir okkar, mágur og frændi,

**Bragi Hjörtur Ólafsson**

Furugerði 1, Reykjavík,

lést föstudaginn 15. júní.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Systkini og fjölskyldur**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigrún Flóvenz Ólafsdóttir**

Kópavogsbraut 88,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.00.

**Ólafur G. Flóvenz** | **Sigurrós Jónasdóttir**
**Brynhildur G. Flóvenz** | **Daníel Friðriksson**
**Margret G. Flóvenz** | **Tryggvi Stefánsson**
**Gunnar G. Flóvenz** | **Bera Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Okkar kæri vinur,

**Brynleifur Sigurjónsson**

bifreiðarstjóri,
Skúlagötu 40,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju,
fimmtudaginn 5. júlí kl. 15.
Þeim sem vildu minnast hans
er bent á líknarstofnanir.

**Guðríður Guðbjartsdóttir og Tómas Tómasson**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Kristjana Þorgrímsdóttir**

frá Syðri-Gegnishólum,
Sigtúni 32, Selfossi,

sem lést á dvalarheimilinu Sólvöllum
Eyrarbakka 26. júní, verður jarðsungin frá
Gaulverjabæjarkirkju fimmtudaginn 5. júlí kl. 14.00.

**Guðrún Jónsdóttir** | **Albert Sigurjónsson**
**Sigurður Jónsson**
**Kristín Þóra Albertsdóttir**
**Jón Örn Albertsson**
**Þröstur Albertsson** | **Jóhanna Ester Adamsdóttir**
**Anna Guðrún Sigurðardóttir** | **Sigurður Svanur Pálsson**
**Sigríður Sigurðardóttir** | **Róbert Randall**
**og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Áslaug Hartmannsdóttir**

sérkennari, til heimilis að
Lindasmára 24,

lést á heimili sínu 23. júní síðastliðinn.
Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju
fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.

**Hartmann Ingvarsson**
**Kristín Ósk Ingvarsdóttir** | **Emil Hjörvar Petersen**
**Ronja Áskatla Petersen og Þrándur Alvar Petersen**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**



**„Þegar maður er svona lengi í útlöndum þá verður maður svo þjóðlegur," segir Ellen Freydís.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sjálf er ég krumminn

**Söngkonan Ellen Freydís Martin heldur fyrstu tónleika sína á Íslandi síðan hún flutti til Austurríkis fyrir 25 árum. Saman mynda hún og félagar hennar sveitina Krumma og hina Alpafuglana.**



**Krummi og hinir Alpafuglarnir.**

Það er langþráður draumur að rætast hjá mér. Mig hefur alltaf langað að hafa fallega tónleika á Íslandi og bjóða móður minni. Nú er komið að því," segir Ellen Freydís Martin með söngkonurödd. Hún er komin frá Austurríki ásamt fjögurra manna sveit til að halda þrenna tónleika á landinu. Þeir fyrstu eru í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á morgun, 4. júlí, klukkan 20. Íslensk þjóðlög í nýjum útsetningum eru í öndvegi. „Þegar maður er svona lengi í útlöndum þá verður maður svo þjóðlegur," segir hún glaðlega.

Það er líka þjóðlegt að spyrja um upprunann. Ellen Freydís kveðst næstyngst fimm barna þeirra Agnesar Gestsdóttur og Marteins Jónssonar tannsmiðs, sem flutti hingað til lands sem bandarískur hermaður og hét Donald Luis Martin. „Pabbi lést síðasta haust, svo hann missir af tónleikunum, því miður," segir hún.

Myndlist heillaði hana í fyrstu og hún lærði grafík en eftir að hún kynntist manni sínum dr. Orthulf Prunner sem var organisti í Háteigskirkju í sextán ár, sneri hún sér að söngnámi bæði hér á landi og í óperudeild Juilliard-háskólans í New York.

„Samstarfsfólk mitt í Austurríki langaði líka að heyra eitthvað frá mér og mínu heimalandi, og varð yfir sig hrifið af þessum gömlu lögum okkar, við erum með fiðlu, harmóníku, trommur, lágfiðlu og víólu, auk söngsins og útsettum þau með tilliti til þess." Krummi og hinir Alpafuglarnir, kallar hópurinn sig. „Sjálf er ég krumminn!" segir Ellen Freydís stolt.

Tónleikar númer tvö verða í Hannesarholti 5. júlí klukkan 20 (miðar fást á tix.is) og þeir þriðju á föstudag í Frystiklefanum á Rifi klukkan 21. „Svo langar okkur að hafa götutónleika á Lækjartorgi 8. júlí," segir Ellen Freydís. „Við höfum gert það í Vínarborg og fengið góðar undirtektir." **gun@frettabladid.is**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
dóttir, systir og amma,

**Dagrún Linda Garðarsdóttir**

Þorrasölum 9, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
miðvikudaginn 20. júní. Útför hennar
fer fram frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 5. júlí klukkan 15.00.

**Páll Þórir Daníelsson** | **Hlín Guðbrandsdóttir**
**Vignir Már Daníelsson**
**Snorri Örn Daníelsson** | **Helga Þórey Friðriksdóttir**
**Garðar Jóhannesson** | **Sigurlaug Garðarsdóttir**
**Jóhanna Garðarsdóttir** | **Bryndís Garðarsdóttir**
**og ömmubörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
stjúpfaðir, afi og langafi,

**Magnús Magnússon**

sem lést á Dvalarheimilinu
Hraunbúðum í Vestmannaeyjum
27. júní sl., verður jarðsunginn frá
Landakirkju á morgun, miðvikudaginn
4. júlí 2018, kl. 14.

**Elín Helga Magnúsdóttir** | **Fannar Eyfjörð Skjaldarson**
**Bjarkey Magnúsdóttir**
**Jón Bernódusson** | **Martina Bernódusson**
**Þuríður Bernódusdóttir** | **Gísli Erlingsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**systkinin frá Borgarhól**

## Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

# LÍKA Á SUMRIN!

## Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

| apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september |
|---|---|---|---|---|---|
| 89% | 89% | 89% | 89% | 89% | 89% |

**89% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring**




* meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

**Fréttablaðið - mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin**

FRÉTTABLAÐIÐ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Skýjað með köflum og yfirleitt þurrt en stöku skúrir um vestanvert landið í dag. Fremur hæg austlæg átt og fer að rigna seint um kvöldið, fyrst syðst á landinu. Hiti víða 9 til 17 stig.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 8° | 11° |
| ↘7 | ↓4 | ↓6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 9° | 8° |
| ↓2 | ↙1 | ↓7 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 7° | 8° |
| ↘4 | →6 | ↘7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 13° | 5° |
| ↘9 | ↘9 | ↓5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | 1 | 5 | | | | 9 |
| | 6 | 9 | | | | 5 | | |
| | 2 | | | 3 | | | 7 | |
| | | 6 | 5 | | | 8 | 9 | |
| | | | | 9 | | 6 | | |
| | 1 | 4 | 7 | 8 | | | | 5 |
| | 9 | | | 1 | | | | 6 |
| | | 3 | | | | | | |
| 5 | | | 8 | | 4 | | 3 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 9 | 4 | | 2 | 3 | 5 | | |
| | 8 | | 6 | | 9 | | | 1 |
| 5 | 7 | 6 | | | 1 | 9 | | |
| | | 2 | | 8 | 4 | | | 5 |
| | | | 3 | 1 | | | 7 | 2 |
| 7 | | | | 4 | | | | |
| | | 5 | | 7 | 6 | 3 | 4 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | | | | | |
| 5 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| | 3 | 7 | 4 | | | 8 | 1 | |
| | | | | 5 | | | | 8 |
| | 7 | | 9 | | 1 | | | 4 |
| | | 3 | | | | | 9 | 2 |
| | | | 5 | | | 3 | 6 | |
| | | | | | | | | 9 |
| 8 | | 1 | | | 9 | | 2 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 2 | 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 1 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 |
| 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 | 9 | 5 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. lagar
5. sóða
6. spil
8. tímamælir
10. samtök
11. sandeyri
12. forboð
13. samtals
15. ljósrák
17. verður

**LÓÐRÉTT**
1. afturkippur
2. hyggjast
3. vefnaðarvara
4. rispan
7. ritsmíðasafn
9. pára
12. ljómi
14. prjónavarningur
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. bætir, 5. ata, 6. ás, 8. klukka, 10. sa, 11. rif, 12. bann, 13. alls, 15. geisli, 17. skalt.
**LÓÐRÉTT:** 1. bakslag, 2. ætla, 3. tau, 4. rákin, 7. safnrit, 9. krassa, 12. blik, 14. les, 16. ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Berg átti leik gegn Nordström á móti í Noregi árið 1978.
**Hvítur á leik**
**1. Df6+! Hxf6 2. He8+ 1-0.**
Nýtt fréttabréf kom út í gær. Þar er meðal annars fjallað um Íslandsmótið í skák og ólympíuliðin. Það má nálgast á skak.is.

**www.skak.is:** Nýtt fréttabréf SÍ







Það borgar sig ávallt að auglýsa í Fréttablaðinu
LÍKA Á SUMRIN!
89%
af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring
*Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.
FRÉTTABLAÐIÐ


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 3. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Sumartónleikar í Skálholti – Endurreisn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skálholti
Nú eru Sumartónleikar í Skálholti að ræsa vélina og fyrsta tónleikavikan að hefjast. Marco Fusi er ítalskur fiðlusnillingur sem leikur stórt hlutverk í þessari fyrstu tónleikaviku, en líka staðartónskáld Sumartónleikanna, þær Bergrún Snæbjörnsdóttir og Bára Gísladóttir. Caput hópurinn og fleiri listamenn koma einnig við sögu og sem dæmi má nefna að tvö erlend tónskáld koma til Íslands til að fylgja eftir verkum sínum, þeir Carlo Ciceri frá Ítalíu og Esaias Järnegard frá Svíþjóð.

**Hvað?** ASA tríó og gestir á Kex
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Á djasstónleikum á Kex hostel, þriðjudaginn 3. júlí, kemur ASA tríó fram ásamt saxófónleikurunum Jóel Pálssyni og Sigurði Flosasyni. ASA tríó skipa þeir Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Agnar Már Magnússon á Hammond orgel og Scott McLemore á trommur. Tríóið hefur verið ein af uppistöðuhljómsveitum Íslandsdjassins undanfarinn áratug.

### Viðburðir

**Hvað?** Kynningartími og milonga Tangófélagsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Opinn kynningartími í argentínskum tangó kl. 20 – 21. Leiðbeinendur eru Svana Vals og Svanhildur Óskarsdóttir. Allir velkomnir og ekki þarf að mæta með dansfélaga. Aðgangseyrir er kr. 500. Milongan er frá kl. 21 og dansað áfram til kl. 23. Dj Þorvarður heldur uppi stuðinu með gullaldar tangótónlist ásamt nýrri. Aðgangseyrir er kr. 1000. Frítt fyrir 30 ára og yngri. Njótum þess að dansa í rigningunni í fallegu húsi og á frábæru dansgólfi.

**Hvað?** Sálarvitundargöngur
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Elliðaárdalnum, Rafstöðvarvegi 4
Í sumar mun Lótushús bjóða upp á sálarvitundargöngur. Gengið verður í þögn og hugleitt á ákveðin þemu og munu þátttakendur fá leiðbeiningar og punkta til að styðjast við á staðnum. Hver gönguferð er u.þ.b. 45-60 mín. löng og biðjum við fólk að klæða sig eftir veðri og koma í góðum skóm, en gönguferðirnar verða auðveldar og ættu að henta flestum. Hittumst á bílastæðinu hjá Toppstöðinni í Elliðaárdalnum, Rafstöðvarvegi 4.

**Hvað?** Preview Night RVK Fringe
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíói
Kynnið ykkur dagskrá Reykjavík Fringe Festival á þessu sérstaka forsýningarkvöldi, þar sem allir listamenn fá 2 mínútur til að kynna hvert verk. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Halti Billi á Akranesi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla kaupfélaginu
Halti Billi eftir Martin McDonaugh í uppsetningu Leikfélags Hólmavíkur í samvinnu við Grunnskólann á Hólmavík og í leikstjórn Skúla Gautasonar er væntanlegur á Írska daga en það er jafnframt lokasýning þessa magnaða verks.

### Sýningar

**Hvað?** Ýmissa kvikinda líki – Íslensk grafík
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafni Íslands
Á sýningunni Ýmissa kvikinda líki – Íslensk grafík eru yfir 100 þrykk og fjölfeldi eftir 27 listamenn. Þau elstu eru frá árinu 1957 og þau yngstu verða til á sýningunni. Verkin eru unnin með margs konar tækni, allt frá klassískum grafíkmiðlum eins og ætingu og silkiþrykki, til innsetningar sem gerð er með einþrykki og þrívíðu prenti. Á sýningunni kemur berlega í ljós að grafíkmiðillinn er engin hliðarafurð í listsköpun.



**Shoplifter er með innrás í fullum gangi í Ásmundarsafni.**

**Hvað?** Innrás II: Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafni
Verk Hrafnhildar Arnardóttur / Shoplifter eru allt í senn rómantísk, kjánaleg, fyndin og falleg. Hún hefur leikið sér með andstæður, fínlega efnisnotkun og handverk ásamt ofhlæði og afkáraleika.

**Hvað?** Hafsteinn Viðar Ársælsson – Svartmálmur
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu
Undanfarin þrjú ár hefur Hafsteinn Viðar Ársælsson markvisst ljósmyndað „black metal“ eða svartmálms-senuna á Íslandi undir dulnefninu „Verði Ljós“. Á sýningunni eru meðal annars að finna myndir sem teknar eru undir formerkjum skrásetningar og skáldskapar af hljómsveitum eins og Misþyrmingu, Nöðru, Nyiþ, Sinmara, Svartadauða og Wormlust, sólóverkefni ljósmyndarans sjálfs.

**Hvað?** Leikfangasýningin: Komdu að leika!
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Árbæjarsafni
Sýningin Komdu að leika! fjallar um leiki og leikföng barna í Reykjavík á 20. öld. Varpað er ljósi á fjölbreytileika og þróun leikfanga og hvernig leikir endurspegla samfélagið á hverjum tíma. Á sýningunni má sjá fjölda leikfanga frá ýmsum tímum í vörslu Borgarsögusafns Reykjavíkur. Þetta er upplifunarsýning með áherslu á sköpun, ímyndunarafl og skemmtun. Leikföngin á sýningunni eru ekki bara til að horfa á heldur má leika sér að dóti frá ýmsum tímum í tímastöðvum þar sem endurskapað hefur verið andrúmsloft tómthúss í Reykjavík snemma á 20. öld, betri borgara heimilis frá um 1930, hippaheimilis frá áttunda áratugnum og barnaherbergja um 1990.




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur




## SUCCESSION
KL. 21:05

Þegar fjölmiðlamógúllinn Logan Roy ákveður að fara að slaka á og minnka við sig fer allverulega að hrikta í stoðum ættarveldisins. Ferskir og stórgóðir þættir úr smiðju HBO.


**Þrælgott þriðjudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**







## MAJOR CRIMES
KL. 20:20

Hörkuspennandi glæný þáttaröð um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.

## SIX
KL. 22:05

Önnur sería þessara hörkuspennandi þátta sem byggðir eru á raunverulegum verkefnum sérsveitarinnar SEAL Team six sem er þekktust fyrir að hafa uppi á hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden.



## WYATT CENAC'S PROBLEM AREAS
KL. 22:50

Áhugaverður og ögrandi þáttur úr smiðju HBO í umsjón grínistans Wyatt Cenac sem á að baki langan feril sem handritshöfundur og ráðgjafi fyrir þætti eins og The Daily Show.




## MANCHESTER BY THE SEA
KL. 22:00

Sannsöguleg mynd um hinn fimm ára gamla Sarros sem varð vanskila við fjölskyldu sína á Indlandi eftir að hafa sofnað í lest.



## ONE BORN EVERY MINUTE
KL. 20:50

Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild á bandarískum spítala þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.** **stod2.is**

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go
**07.50** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The New Girl
**10.35** Poppsvar
**11.15** Grantchester
**12.05** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**14.10** Britain's Got Talent
**14.35** Britain's Got Talent
**15.45** Britain's Got Talent
**16.10** Secret Life of 4 Year Olds
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.00** Fréttayfirlit og veður
**19.05** Modern Family
**19.30** Last Week Tonight With John Oliver
**20.00** Great News Önnur syrpa þessara gamanþátta sem fjalla um mæðgurnar Carol og Katie en það reynir á samband þeirra þegar móðirin Carol fær reynslustarf á sama fjölmiðli og dóttirin Carol vinnur á. Það reynir aldeilis á þolrifin hjá henni því móðirin er uppátækjasöm og er oftar en ekki hrókur alls fagnaðar. Þættirnir eru úr smiðju Tinu Fey og Roberts Carlock sem gerðu einnig 30 Rock og Unbreakable Kimmy Schmidt.
**20.25** Major Crimes
**21.10** Succession
**22.05** Six Önnur sería þessara hörkuspennandi þátta sem byggðir eru á raunverulegum verkefnum sérsveitarinnar SEAL Team six sem er þekktust fyrir að hafa haft uppi á hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden. Í hverjum þætti fær sérsveitin flókin og erfið mál til að leysa úr og sannar það ítrekað að þegar er um líf eða dauða að tefla eru þeir fremstir í sínu fagi. Handritshöfundur þáttanna William Broyles Jr. (Apollo 13) fékk dygga aðstoð frá fyrrverandi sérsveitahermanninum David Broyle sem gætir þess þó að upplýsa ekki um allra viðkvæmustu trúnaðargögnin þrátt fyrir ómetanlegt innlegg hans í handritsgerðina.
**22.50** Wyatt Cenac's Problem Areas
**23.20** The Detail
**00.05** Nashville
**00.50** High Maintenance
**01.15** The Sandham Murders
**02.00** The Sandham Murders
**02.45** The Sandham Murders
**03.30** Quarry
**04.45** Quarry
**05.40** Every Brilliant Thing

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00** Sumarmessan 2018
**08.40** FH - Stjarnan
**10.20** Pepsímörkin 2018
**11.40** Fyrir Ísland
**12.20** Sumarmessan 2018
**13.00** Víkingur Ó - ÍA
**14.40** FH - Stjarnan
**16.20** Pepsímörkin 2018
**17.50** Valur - Þór/KA
**20.05** Goðsagnir - Tryggvi Guðmundsson
**21.00** Sumarmessan 2018
**21.40** Formúla 1: Austurríki - Kappakstur

## STÖÐ 2 SPORT 2

Engin dagskrá

## STÖÐ 3

**19.10** Man Seeking Woman
**19.35** The Last Man on Earth
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** One Born Every Minute
**21.40** iZombie
**22.25** Supernatural
**23.10** The Newsroom
**00.55** The Last Man on Earth
**01.20** Friends
**01.45** Seinfeld
**02.10** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Pingu
**09.00** Strumparnir
**09.25** Ævintýraferðin
**09.37** Hvellur keppnisbíll
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Grettir
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Tindur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.54** Pingu
**13.00** Strumparnir
**13.25** Ævintýraferðin
**13.37** Hvellur keppnisbíll
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Grettir
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Tindur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.54** Pingu
**17.00** Strumparnir
**17.25** Ævintýraferðin
**17.37** Hvellur keppnisbíll
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Grettir
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Tindur
**19.00** Töfrahúsið



**Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 07.24, 11.24 og 15.24**

## GOLFSTÖÐIN

**07.00** The National
**11.00** The National
**15.00** PGA Highlights 2018
**15.55** KPMG Women's PGA Championship
19.5 5Golfing World 2018
**20.45** KPMG Women's PGA Championship
**00.45** KPMG Women's PGA Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10** Ordinary World
**13.35** Me and Earl and the Dying Girl
**15.20** My Old Lady
**17.05** Ordinary World
**18.30** Me and Earl and the Dying Girl
**20.15** My Old Lady
**22.00** Lion Dramatísk mynd frá 2016 sem fjallar um sanna sögu Saroos Brierley sem fimm ára gamall varð viðskila við fjölskyldu sína á Indlandi þegar hann sofnaði í lest sem síðan lagði af stað og bar hann langar leiðir frá heimahögunum. Eftir að Saroo vaknaði og yfirgaf lestina vissi hann ekkert hvert hann ætti að fara og gat engum sagt hvar hann ætti heima. Hann lenti því á vergangi en var að lokum tekinn inn á munaðarleysingjahæli og síðan ættleiddur af áströlskum hjónum sem fóru með hann til Ástralíu. Þar ólst hann síðan upp en í stað þess að gleyma uppruna sínum urðu minningarnar um móður hans og bróður stöðugt áleitnari þar til hann ákvað, þrítugur að aldri, að fara til Indlands og reyna til þrautar að finna hina raunverulegu fjölskyldu sína.
**23.55** Hitman: Agent 47
**01.30** Sausage Party

## RÚV

**13.30** HM stofan
**13.50** Svíþjóð - Sviss
**15.50** HM stofan
**16.20** Eldhugar íþróttanna
**16.50** HM hetjur - Roger Milla
**17.00** Táknmálsfréttir
**17.10** Íþróttaafrek
**17.30** HM stofan
**17.50** Kólumbía - England
**19.50** HM stofan
**20.25** Veður
**20.30** Fréttir
**20.55** Íþróttir
**21.05** Horft til framtíðar
**21.55** Ditte og Louise
**22.30** Skylduverk
**23.30** Halcyon
**00.15** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.40** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.20** The Late Late Show with James Corden
**10.00** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Superstore
**14.15** Million Dollar Listing
**15.00** American Housewife
**15.25** Kevin (Probably) Saves the World
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Odd Mom Out
**20.10** Royal Pains
**21.00** Star
**21.50** The Orville
**22.35** Scream Queens
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** CSI Miami
**01.30** Fargo
**02.15** The Resident
**03.05** Quantico
**03.50** Incorporated
**04.35** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

SAMSUNG




Samsung QLED is Quantum dot based TV

Samsung QE75Q7F

# Zlatan velur

# QLED TV

Það er löngu vitað að Zlatan gerir miklar kröfur til sjálfs sín, en hann gerir líka kröfur til þeirra hluta sem hann notar mest. Sjónvarpið er hans uppáhalds tæki og Samsung QLED það eina sem kom til greina. Líklega eru það ein bestu meðmæli sem sjónvarp getur fengið.

SAMSUNG
SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

ORMSSON




FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni




Á Boeing-þotu tæki sirka 40 tíma að fljúga í kringum heiminn, þannig að maður væri kominn langleiðina seinni hringinn þegar það myndi byrja að rigna í Reykjavík.

Það væri hægt að hjóla eitt WOW Cyclothon og eiga góða 10 tíma inni.

Það væri hægt að keyra sirka 4 og hálfan hring í kringum landið og væntanlega stoppa fyrir austan þar sem er sól.

# 70 klst. af sumri

**Eins og allir á sunnanverðu landinu erum við hérna á Lífinu að hugsa um veðrið. Sólskinið hefur ekki sést lengi í höfuðborginni – samkvæmt hávísindalegum tölum sást það raunar í heilar 70 klukkustundir í júnímánuði.**



Það væri hægt að taka djúskúr Nova sem olli starfsmönnum Nova miklum erfiðleikum í janúar.

Trausti Jónsson, okkar traustasti veðurfræðingur, tísti um veðrið í júní á sunnudaginn og sagði meðal annars frá því að í júní hefðu aðeins verið 70,9 tímar af sólskini. Reiknideild Lífsins var reyndar búin að reikna út tæpa 0 tíma en við treystum Trausta í þessum efnum. Íslenska sumarið hefur hingað til aðeins staðið yfir í tæpa þrjá daga.



Það væri hægt að taka eina góða vinnuviku og svo aðra stutta til viðbótar.



Það væri hægt að halda eina tónlistarhátíð og kalla hana einfaldlega Sumarið.

# Ný gamanþáttaröð frá Jordan Peele

Jordan Peele er með nýja þáttaröð á leiðinni og verður hún sýnd á YouTube Premium. Þáttaröðin er unnin með Charlie Sanders, en hann skrifaði Key & Peele ásamt Jordan og fleirum, og munu þessir þættir ganga undir nafninu Weird City og vera sambland af vísindaskáldskap og gríni. Þættirnir verða frumsýndir á næsta ári.

Þáttaröðin gerist í borginni Weird (sem á íslensku myndi nefnast Skrítin) í náinni framtíð og er eins og klassískum vísindaskáldskap sæmir ætlað að bregða ákveðnum spegli á heim nútímans – í þessu tilfelli spéspegli.

Í fréttatilkynningu um þættina sagði Peele að hann og Charlie Sanders ætluðu sér að koma með „þáttaröð keyrða áfram á gríni og brjálæðislegum vísindaskáldskap og sem gerist í heimi rosalega svipuðum okkar en samt ekki alveg“.

Jordan Peele er með fleiri verkefni á leiðinni en í sumar kemur út kvikmyndin BlacKkKlansman sem hann framleiðir ásamt leikstjóranum Spike Lee. Hún kemur í bíóhús í Bandaríkjunum í ágúst. Peele framleiðir einnig gamanþáttaröðina The Last O.G. með Tracy Morgan í aðalhlutverki.

Jordan sló heldur betur í gegn með myndinni Get Out árið 2017 en hún hlaut Óskarinn fyrir besta handritið auk þess sem hún var tilnefnd sem besta mynd ársins. Sú var fyrsta kvikmynd Jordans Peele í fullri lengd þannig að líklega eru ansi margir spenntir fyrir að sjá hvað kemur frá honum næst. – sþh



**Grínistinn sem skrifaði handrit Óskarsverðlaunamyndarinnar Get Out gefur nú út vísindaskáldskap.**

## 70 klukkustundir hljóma eins og ansi gott „binge“ af eins og einni góðri þáttaröð – eða hvað?



**The Wire**
Ekki nema sirka 60 tíma „binge“ – ef Jón Gnarr myndi neyða mann til að eyða sumrinu í að horfa á The Wire ætti maður 10 tíma afgangs.



**Seinfeld**
Íslenskra sumarið dugar ekki undir alla Seinfeld-þættina en þeir taka um 90 klukkustundir, það er eitt sumar og 20 tímar í viðbót. The summer of George.



**Friends**
Til að ná öllum Vinunum þyrfti næstum tvö sumur, eða 120 klukkustundir.



**The Simpsons**
Uppáhaldsfjölskylda heimsbyggðarinnar hefur verið (alltof) lengi í sjónvarpinu, eða sirka 4,5 íslensk sumur.



**The Cure for Insomnia**
Kvikmyndin The Cure for Insomnia er 87 tímar en þegar hún kom út á níunda áratugnum var hún lengsta mynd allra tíma. Til gamans má geta að lengsta mynd allra tíma er 857 klukkustundir.



midi.is

Vinsælir viðburðir framundan

Miðakaup á www.midi.is



Ásgeir - Hringsól
Um land allt 17. júlí - 1. ágúst



Agent Fresco
Bæjarbíó 29. ágúst



Björgvin Halldórsson
Bæjarbíó 30. ágúst



Bjartmar Guðlaugsson
Bæjarbíó 31. ágúst




**Jóhannes Haukur hefur verið að gera það gott í Hollywood að undanförnu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Jóhannes Haukur verður vondi kallinn í Bloodshot

Tilkynnt var fyrir helgi að **Jóhannes Haukur Jóhannesson** hefði verið valinn til að leika í risamynd Sony um Bloodshot. Upptökur hefjast síðar í júlí og taka rúman mánuð. Hann er nú í Suður-Afríku.

Þetta lítur vel út. Þetta er Sony-mynd og það á að tjalda öllu til," segir leikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson en um helgina var tilkynnt að hann muni leika í ofurhetjumyndinni Bloodshot. Það eru engar smá kanónur sem verða með Jóhannesi á settinu, fremstan meðal jafningja skal þar nefna Vin Diesel auk hinnar mexíkósku Eizu González, sem margir muna eftir sem Baby úr kvikmyndinni Baby driver.

Myndin er byggð á samnefndri teiknimyndasögu og verður bönnuð börnum að sögn Jóhannesar, ekki ólíkt Deadpool. „Þetta verður risastór Hollywood-mynd og verður svokallað R-rated eins og Logan og Deadpool. Þá verður ofbeldið grófara og talsmátinn frjálslegri."

Samkvæmt fréttum mun Jóhannes fara með hlutverk Nicks Barris í myndinni en hann er sagður vera annað illmenni myndarinnar. Dave Wilson heldur um leikstjórn en þetta er fyrsta kvikmyndin í fullri lengd sem hann leikstýrir.

„Ég fer í lok júlí í þessar upptökur og verð að öllum líkindum í mánuð. Eftir þetta verkefni er ég að fara í aðra seríu á The Innocent, verði hún framleidd."

Jóhannes er í Suður-Afríku þessa stundina þar sem hann leikur í sjónvarpsseríunni Origin. Hann hefur verið að gera það gott að undanförnu og verður í myndinni The Good Liar með Ian McKellen og Helen Mirren í aðalhlutverkum. Síðar dregur hann upp byssu í vestranum The Sisters Brothers þar sem Jake Gyllenhaal og fleiri góðir setja á sig kúrekahattinn.

Í flestum erlendum fréttum um hlutverkið er talað um Game of Thrones stjörnuna Jóhannesson. Sjálfur vill hann nú gera sem minnst úr því hlutverki. „Ég var nú bara í tveimur þáttum en það vegur greinilega þungt að vera í Game of Thrones," segir hann hress.

„Ég er búinn að vera í erlendum verkefnum undanfarin ár og er kominn á þann stað að geta aðeins valið úr. Ekki mikið en smá. Fyrst sagði ég já við öllu en ef verkefni lenda á sama tíma, hvort sem það er sjónvarpssería eða kvikmynd, þá get ég valið. Auðvitað er það mikið lúxusvandamál," segir hann.

Jóhannes var í fríi frá tökum í gær og slakaði á þó það væri hálf íslenskt veður í Suður-Afríku. „Það er rigning og 14 gráður sem er ekkert svo slæmt. Ég er þó alveg í stuttbuxum. Ætli ég fari ekki í stuttan göngutúr. Maður býr í frekar vernduðu umhverfi með girðingu í kring og ef maður fer út fyrir hliðið þá á maður á hættu að vera rændur og ég er lítið fyrir það." **benediktboas@frettabladid.is**



**Game of Thrones opnaði margar dyr fyrir Jóhannes.**

## BLOODSHOT

Tilkynnt var 2015 að Sony og Valiant, sem gaf út Bloodshot-sögurnar, hefðu gert með sér fimm mynda samning. Fyrsta myndin yrði um Bloodshot, næstu tvær um aðra hetju sem kallast Harbinger og síðasta yrði samkrull um þá tvo.

Jared Leto átti að leika vonda kallinn í myndinni en hætti við. Jóhannes Haukur fékk kallið í staðinn.



**Vin Diesel verður í Bloodshot. Fagnar því. Eðlilega.** NORDICPHOTOS/GETTY

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK
Draumur
CHARMING
KOMIN Í BÍÓ
Trópí
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
BORGAR BÍÓ
sena

# Betra veður í boði!

### Gran Canaria
★★
**MONTEMAR**
Brottför 14. ágúst — 7 nætur
Íbúð með tveimur svefnherbergjum
## 64.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn.
Verð frá 80.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

### Gran Canaria
★★
**TENEGUIA**
Brottför 7. ágúst — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi
## 68.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 81.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

### Calpe
★★★
**AMATISTA APARTMENTS**
Brottför 12. ágúst — 8 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi
## 78.700 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 116.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

### Almería
★★★★
**BEST SABINAL**
Brottför 16. ágúst — 7 nætur
Superior tvíbýli ***HÁLFT FÆÐI***
## 95.700 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 117.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

### Almería
★★★
**PIERRE VACANCES**
Brottför 9. ágúst — ***2 VIKUR***
Íbúð með tveimur svefnherbergjum
## 79.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 4 börn.
Verð frá 135.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

### Mallorca
★★
**HOLIDAY PARK**
Brottför 12. ágúst — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi
## 87.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 124.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

### Benidorm
★★★
**MILORDS SUITE**
Brottför 17. ágúst — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi
## 68.700 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 96.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**Innifalið í verðum: flug, skattar, 20 kg ferðataska, handfarangur og gisting.**

FLEIRI VERÐ Á
SJÁÐU MEIRA
PLUSFERDIR.IS

## Tenerife
★★★
### HG TENERIFE SUR
Brottför 18. ágúst — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi
**74.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 96.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

## Mallorca
★★★★
### PORTODRACH
Brottför 26. ágúst — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi
**66.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 93.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

## Mallorca
★★★
### VISTA CLUB
Brottför 19. ágúst — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi
**59.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 82.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

## Gran Canaria
★★
### CORONA BLANCA
Brottför 28. ágúst — 7 nætur
Superior íbúð með einu svefnherbergi
**74.700 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 92.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

## Tenerife
★★★
### HG CRISTIAN SUR
Brottför 21. ágúst — 8 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi
**66.700 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 92.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

## Benidorm
★★★
### LARIMAR APARTMENTS
Brottför 30. ágúst — 8 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi
**65.700 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 93.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

## Almería
★★★★
### ARENA CENTER
Brottför 23. ágúst — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi
**67.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 89.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

## BorgarPlús!

### Róm
★★★★
4 stjörnu gisting með morgunverði
**63.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga, flug og gisting

### Riga
★★★
3 stjörnu gisting með morgunverði
**69.900 kr**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 5 daga, flug og gisting

### Poznan
★★★★
4 stjörnu gisting með morgunverði
**59.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga, flug og gisting

### Madrid
★★★
3 stjörnu gisting með morgunverði
**75.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga, flug og gisting

plús FERÐIR

Komdu út í Plús!

BÓKAÐU Á PLUSFERDIR.IS

Birt með fyrirvara um prentvillur, stafabrengl, og önnur „úps“.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Eistun afdrifaríku

Aldrei hafði ég séð stærri eistu á ævinni. Þau voru á stærð við snjóbolta. Voru þau komin undan göltum en voru í kjötborði einu þegar þessi saga hefst. Ekki girntist ég hreðjar þessar en forvitnin fór hins vegar úr böndum svo ég keypti tvö stykki. Ekki er laust við að ég hafi fundið til í mínum meðan kjötvinnslukonan skar þær í finar sneiðar meðan hún útlistaði fyrir mér hvernig ég ætti að bera mig að við matseldina.

Þegar heim kom þótti fjölskyldunni mér hafa farist óhönduglega við innkaupin. Brást ég við af þrjósku og kvað þetta vera hið besta hollustufæði. Úr varð að ég var látinn éta eistun einn meðan aðrir létu í sig amerískt léttmeti. Þurfti ég að taka á allri minni þrákelkni til að klára herlegheitin.

Eftirköstin komu svo í ljós þegar ég var að aka um sveitir og kom auga á flutningabíl mikinn með svín á leið til slátrunar. Fannst mér ég aldrei hafa litið föngulegri gyltur. Áður en ég vissi af var ég farinn að elta þessar ferfættu kynbombur. Til að réttlæta hegðun mína minntist ég þess að íslenskur landbúnaðarráðherra hefði eitt sinn gerst heitfengur við svipaðar aðstæður og kysst búkollu á trýnið og varð hann afar vinsæll fyrir vikið. Ekki taldi ég þó mitt frumhlaup líklegt til vinsælda. Ákvað ég því að sitja á strák mínum en horfa bara á þátt með Prúðuleikurunum í staðinn. Svínka kom grátlega lítið við sögu.

Aðrar aukaverkanir eru þær að ég er farinn að ýkja helst til mikið. Hins vegar eru það engar ýkjur að næst ætla ég að játa auðfúslega misfarir mínar, í innkaupum sem og öðru, og bregðast síður við þeim með þrjósku.








